

Alþingi
Erindi nr. P 140/333
komudagur 140/333!



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2011
Tilvísun: 201111-0015


Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 4. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 4 – 4. mál.

ASÍ vísar í umsögn sína dags. 15.02.2011 þar sem fjallað er um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun og hefur afstaða sambandsins til málsins ekki breyst frá þeim tíma. Þar kemur fram m.a.að ASÍ telur að ekki hafi verið með fullnægjandi hætti tekið á siðferðilegum, lagalegum og læknisfræðilegum spurningum varðandi staðgöngumæðrun, er þar vísað í álit vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun frá 05.02.2010 og 07.07.2010.

ASÍ bendir á að málið getur varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til núverandi og væntanlegra alþjóðareglna á sviði mannréttinda þ.m.t. barna, kvenna og foreldra og á þeim vettvangi er umræðu ekki lokið. Einnig telur ASÍ að frekari umræða þarf að eiga sér stað áður en farið er í undirbúning lagafrumvarps sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

F.h. Alþýðusambands Íslands


Marianna Traustadóttir
Jafnréttisfulltrúi

Alþýðusamband Íslands

Stjórn • Stjórn
Hálforsvar • Stjórn
Stjórn • Stjórn



Biskup Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 140/643
komudagur 5.12.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun.

Ég þakka tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, og biðst velvirðingar á því að vera kominn fram yfir tilskilinn frest.

Þjóðmálanefnd kirkjunnar hélt málþing um staðgöngumæðrun 14. febrúar 2011. Með því málþingi átti kirkjan sinn þátt í því að koma þessu viðkvæma máli á dagskrá. Þá vann nefndin ítarlega umsögn um málið til Alþingis, sem sjá má á vefnum: <http://www2.kirkjan.is/sites/default/files/umsogn-vegna-stadgongumaedrunar.pdf>

Í þeirri umsögn segir: „Þjóðmálanefnd kirkjunnar leggst gegn því að farið sé fram með þeim hraða sem virðist ríkja varðandi það að undirbúa lög sem leyfa staðgöngumæðrun og leggur nefndin til að málið fái mun meiri umræðu og skoðun áður en lengra er haldið.“

Undir þetta skal tekið.

Fjölmargar spurningar vakna andspænis staðgöngumæðrun. Er mörgum þeirra lyft fram í nefndri umsögn. Ég vil sérstaklega taka undir sjónarmið Þjóðmálanefndar, að barn er ekki réttur – barn hefur rétt.

Staðgöngumæðrun hefur víðtæk áhrif á almennan skilning okkar á fjölskyldutengslum og mun móta menningu okkar til framtíðar. Af þeirri ástæðu er full ástæða til að fara með gát.

Staðgöngumæðrun varðar ekki eingöngu staðgöngumóður og þau sem óska eftir að eignast barn með þessum hætti heldur tengist með beinum og óbeinum hætti fleiri einstaklingum og persónulegu lífi þeirra, fjölskyldu, maka og börnum staðgöngumóður. Við þekkjum dæmi þess í okkar landi hvernig það að hafa verið „gefinn“ eins og oft tíðkaðist hér áður fyrr þegar börn sem fæddust í stórar fjölskyldur var ráðstafað til annarra, að það setti varanleg sár í sál viðkomandi, jafnvel þótt barnið hafi alist upp við kjöraðstæður, ást og umhyggju sem kynforeldrar megnuðu ekki að veita. Ég tel að það hljóti að vera farsælast að þeir einstaklingar sem eru getnir og fæðast með þessum hætti hafi fullan aðgang að öllum upplýsingum um tilurð sína og jafnvel að regluleg umgengni sé á milli foreldra og staðgöngumóður. Þetta er grundvallarréttur.

Reglur og samningar um staðgöngumæðrun ganga oft gegn grundvallarmannréttindum konunnar að ráða eigin líkama á meðgöngunni. Í umsögn Þjóðmálanefndar kirkjunnar segir: „Nú á að „svipta konur, sem í velgerðarskyni vilja hjálpa öðrum konum til að eignast barn, þeim sjálfsgöða rétti að vera taldar mæður á meðgöngunni, hvað þá að gefa eigi þeim einhvern umbóttunartíma eftir meðgönguna varðandi það að þeim geti snúist hugur. Sú vélræna sýn á manneskjur sem við sjáum í þessum hugmyndum, byggist ekki á innsæi í mannlegt eðli og tilfinningar kvenna sem mæðra, heldur einhverju allt öðru sem er ekki siðferðilega réttlætanlegt.“

Staðgöngumæðrun hefur áhrif á afstöðu til lífs og fjölskyldutengsla. Ávallt hefur verið litið á móðurhlutverkið sem órofa tengt þeirri konu sem fæddi barnið. Staðgöngumæðrun breytir

þeirri mynd, ábyrgðin sem fylgir því að bera barn í heiminn, annast það og ala upp verður óljósari. Dæmi eru um málaferli erlendis þar sem barn er í þeirri stöðu að óljóst er hver sé móðir þess, hvort það eigi eina tvær eða þrjár mæður og einn eða tvo fedur, eða jafnvel hvort það eigi enga móður og engan föður. Það er óásættanlegt.

Ég vil taka undir með Þjóðmálanefnd kirkjunnar sem varar við því að vikið verði frá barnalögum og farið á svig við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem leggur megináhersla á hagsmuni barnsins – að það megi alast upp í öryggi og kærleika. „Þar er og sala á börnum (og verslun með...) bönnuð og sala á börnum skilgreind í viðauka: „hvers kyns aðgerð eða viðskipti þar sem einstaklingur eða hópur fólks framselur öðrum barn gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi.“

Ég tel fortakslaust að við séum skuldbundin þeim grundvallarsjónarmiðum, sem Barnasáttmálinn og barnalögin byggja á að hagsmunir barnsins eigi að vera ráðandi. Samkvæmt því eru grundvallarréttindi að barn þekki foreldra sína. Setja verður hagsmuni barnsins í forgang. Þannig að ekki verði hætt á að barn verði þrættuepli meðgöngumóður og kynmóður.


Ég tel fulla ástæðu til að óttast markaðsvæðingu í þessum efnum. Barnið er verðlagt, þó það sé skilgreint sem uppbót fyrir vinnutap td þó að um velgjörð sé að ræða. Það er nú þegar alþjóðleg fyrirtæki sem annast milligöngu í þessum efnum, hér er um alþjóðaviðskipti að ræða sem velta háum fjárhæðum. Barnið og líkami konunnar verður að söluvöru. Það er óhæfa.

Það eru brýnir hagsmunir í húfi að koma í veg fyrir verslun með börn og móðurlíf. Ég tek undir orð álits Þjóðmálanefndar kirkjunnar: „Í heimi vaxandi misskiptingar þar sem óprúttir notfæra sér miskunnarlaust neyð og bjargarleysi ungra kvenna er mikil hætt á misnotkun og hún er alþekkt í heiminum þegar... Og svona fljótt á litið gæti það farið þannig að hægt verði að skauta létt fram hjá vel meinandi lögum í þessa veru sem yrðu í samræmi við þessa þingsályktun. Einnig þurfum við hér á Íslandi að hugleiða hvernig við sýnum meðsystur okkar á Inlandi og víðar í þriðja heiminum samstöðu. Með lögleiðingu staðgöngumæðrunar hér á landi? Sú leið er siðferðilega varasöm, meðal annars út frá þessum sjónarmiðum sem nefnd hafa verið. Einnig er vert að benda á að þetta er eitt af þeim málum sem á að vinna í samvinnu ríkja líkt og mannréttindasáttmálar eru unnir þegar af þeirri ástæðu að verði staðganga leyfd í einhverjum tilfellum þá má betur varast misnotkun. Það má líka geta þess að bæði systurþjóðir okkar og systurkirkjur á Norðurlöndum hafa ekki séð ástæðu til þess að leyfa staðgöngumæðrun. Reglugerðir eru ekki alveg samhljóða en afgerandi þegar kemur að staðgöngumæðrun.“

Eins segir þar: „Við erum að feta okkur á hálum stigum...Og staðhæfingar um að þetta mál sé fullrætt eru út í hött. Það má vera að flest augljós rök hafi verið reifuð en umræðan er rétt að byrja. Það er vissulega fallett ef hægt er að gera öllum (kleift) að eignast barn en ef í einhverjum málum er nauðsynlegt að taka tillit til allra hluteigandi þá er það í lok lífs og ekki síður við upphaf þess. Því skal vanda til verka og ekki ana að neinu varðandi lagasetningar um staðgöngumæðrun.“

Þessi orð vil ég gera að mínum og hvetja til ítrustu varfærni í þessum efnum. Mikilvægt er að hafa í huga að þau lönd sem við teljum standa næst okkur menningarlega hafa flest sett í lög bann við staðgöngumæðrun, það eru því engin skýr fordæmi sem okkar löggjöf gæti byggt á. Mikilvægt er að lagagerð sé vönduð. Á það sérstaklega við þegar gripið er inn í svo viðkvæmt og dýrmætt ferli eins og tengsl foreldra og barna.

Virðingarfyllt



Karl Sigurbjörnsson

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/811
komudagur 15.12.2011

Umsögn frá Femínistafélagi Íslands um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun, 4. mál, þingskjal nr. 4

Femínistafélag Íslands vísar til erindis frá heilbrigðisnefnd Alþingis, dagsett þann 8. nóvember 2011, þar sem óskað er umsagnar félagsins um þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 4 um staðgöngumæðrun. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að velferðarráðherra skipi starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga er heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Femínistafélagið vísar til fyrri umsagnar sinnar um þingsályktunartillögu frá 139. löggjafarþingi þar sem einnig var lagt til að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Félagið telur þær breytingar sem gerðar hafa verið frá þeirri tillögu og til hinnar sem nú liggur fyrir vera til bóta en áréttar þó andstöðu sína við að staðgöngumæðrun verði heimiluð. Vísast þar m.a. til álits starfshóps sérfræðinga sem heilbrigðisráðherra skipaði í janúar 2009 til að fara yfir álitæfni tengd staðgöngumæðrun en hópurinn lagðist gegn því að undangenginni faglegri og ítarlegri skoðun að heimila staðgöngumæðrun að svo stöddu. Í lokaskýrslu hópsins og greinargóðri áfangaskýrslu er farið yfir þau álitæfni sem taka þarf mið af og löggjöf þeirra ríkja sem heimila staðgöngumæðrun. Til þess ber að líta að ekkert Norðurlandanna leyfir staðgöngumæðrun (Finnar stigu skref til baka og gerðu staðgöngumæðrun aftur óheimila) og hún er ólögleg í flestum ríkjum Evrópu. Við það má bæta að víða á Norðurlöndunum fer nú fram mikil umræða um hvort heimila eigi staðgöngumæðrun. Er þar áætlaður ríkur tími til rannsókna og umræðu, enda talið að staðgöngumæðrun sé afar stórt siðferðilegt álitamál, sem sé nauðsynlegt að ræða í samhengi við baráttuna fyrir rétti kvenna til yfirráða yfir eigin líkama.

Í lokaáliti áður nefnds starfshóps segir orðrét: „*Helstu rök fyrir að leyfa staðgöngumæðrun eru þau að hún geti verið farsæl lausn á vanda pars (eða einstaklings) sem á við ófrjósemisvanda að stríða. Helstu rök gegn staðgöngumæðrun eru að hætta sé á að litið sé á staðgöngumóðurina sem hýsil utan um barn (konan “smættuð í æxlunarfæri”).*“ Femínistafélag Íslands telur engin haldbær rök vera fyrir því að ganga gegn þessu álit.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er rakið hvers vegna staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni eigi ekki að vera heimil. Dregin eru upp þau líkindi sem kunna að vera við vandi og bent á að slíkur gjörningur geti verið form af viðskiptum með börn. Femínistafélag Íslands tekur undir þessi varnaðarorð. Hins vegar vakna líka spurningar þegar litið er til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni og þá ekki síst hvar mörkin milli þessara tveggja tegunda liggja. Ef greiða má staðgöngumóður fyrir vinnutap, heilsugæslu og jafnvel uppbyggjandi líkamsrækt á meðgöngutíma þarf að svara því hvenær velgjörðarskyn breytist í hagnaðarsjónarmið.

Í áratugi hafa femínistar og aðrir mannréttindasinnar barist fyrir því að konur séu ekki settar í þá stöðu að þurfa að gefa frá sér barn. Það er hins vegar veruleiki sem hefur blasað við fátækari og/eða félagslega lægra settum konum í árhundruð og gerir enn víða um heim. Tilkoma fóstureyðinga og uppbygging velferðarkerfisins hafa leitt til þess að fáar konur hér á landi þurfa að standa í þeim sporum. Sé staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni heimiluð með

lögum er verið að heimila fólki að biðja konur, sem standa þeim nærri, um að ganga með barn til að gefa það frá sér. Hætta er á að þrá fólks til að ala upp barn verði sett ofar réttindum og hag mögulegrar staðgöngumóður. Þau sjónarmið að þetta verði aðeins gert af fúsum og frjálsum einstaklingum vega ekki þungt í samfélagi sem hefur hvorki tekist að útrýma launamuni kynjanna né binda endi á kynbundið ofbeldi.

Femínistafélag Íslands áréttar þá afstöðu sína að ekki beri að heimila staðgöngumæðrun á Íslandi, hvort sem er í velgjörðarskyni eða hagnaðarskyni. Til nánari útskýringar fylgir með umsögninni vönduð grein eftir sænsku blaðakonuna Kajsu Ekis Ekman, í íslenskri þýðingu Drífu Snædal, en þar er farið rækilega yfir þau femínísku sjónarmið sem liggja til grundvallar afstöðu gegn staðgöngumæðrun (fylgiskjal 1).

Reykjavík, 15. desember 2011

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands

Kristín Pálsdóttir

Við erum ekki vélar, við erum ekki náttúruauðlindir

Sjá: <http://www.knuz.is/2011/11/vi-erum-ekki-velar-vi-erum-ekki.html>

Höfundur greinarinnar er Kajsa Ekis Ekman, blaðakona og femínisti. Kajsa gaf út bókina „Varat och varan - prostitution, surrogatmödraskap och den delade människan“ sumarið 2010 þegar umræða um lögleiðingu staðgöngumæðrunar stóð sem hæst í Svíþjóð. Í bókinni fjallar hún um vændi og staðgöngumæðrum. Greinin sem hér fer á eftir birtist í feminíska tímaritinu BANG í september 2010. Drífa Snædal þýddi.

Jenny Westerstrand, fræðikona á sviði kvenfrelsis, lét eitt sinn hafa eftir sér: Þegar hin nýja, fullkoma manneskja verður sköpuð í Svíþjóð, hafðu varann á þér gagnvart læknum með skurðarhnífa. Við reynum ítrekað að leiðrétta samfélagsleg vandamál á tilraunastofum, allt frá ófrjósemisaðgerðum til fegrunaraðgerða. Í hvert sinn er aðgerðin réttlætt með því að verið sé að leysa vandamál sem á sér samfélagslegar rætur: fátækt, fegrunarímyndir eða aldursmismunur.

Nú er komin ný rannsóknarstofulausn - staðgöngumæðrun. Hugmyndin er að lausnin á barnleysi, bæði hjá gagnkynhneigðum og samkynhneigðum, sé sú að konur bjóði fram krafta sína, gangi í gegnum tæknifrjóvgun, ali barn og afhendi það svo öðrum. Þá geta allir fengið afkvæmi án þess að þurfa að deila forsjánni með móðurinni. Hvernig getur það verið annað en jákvætt að aðstoða barnlaust fólk að láta draumana rætast?

Ég hef rannsakað staðgöngumæðrun síðustu fjögur árin og ætla að segja frá því hvað raunverulega gerist og útskýra af hverju ég er andvíg því að leyfa staðgöngumæðrun.

Söluvara

Óléttuviðskipti eiga rætur að rekja til Bandaríkjanna á áttunda áratug síðustu aldar. Karlar sem áttu ófrjóar konur fóru að auglýsa eftir konum sem væru til í að ala þeim barn gegn greiðslu. Þessar konur voru frjógvaðar með sæði mannsins og karlarnir „ættleiddu“ síðan eigið barn. Fljótlega fóru umboðsmenn að koma á samböndum milli barnlausra hjóna og ungra frjórna kvenna og upp úr þessu spratt blómlegur markaður. Vel stæð pör voru tilbúin til að borga háar fjárhæðir fyrir barn sem bar erfðafni föðurins. Með tíð og tíma fóru aðrir hópar að nýta sér þennan möguleika: Einhleypir karlar, samkynhneigðir karlar og konur sem voru komnar af barneignaraldri eða kusu að ganga ekki sjálfar með barn. Í dag er staðgöngumæðrun alþjóðlegur iðnaður, þar sem fátækar konur í þróunarlöndum og lágstéttarkonur á Vesturlöndum eru notaðar til undaneldis fyrir þá ríkari.

Þegar staðgöngumæðrun ruddi sér til rúms í Bandaríkjunum og Englandi fóru Bretar og Bandaríkjamenn að leita til Indlands og Úkraínu. Tilgangur þess að flytja iðnaðinn til þróunarlanda var, fyrir utan lægra verð, að komast hjá forræðisdeilum. Hið fræga mál „Baby M“, þar sem amerískri konu snérist hugur og hún vildi halda barninu, varð til þess að kröfur jukust um að konur fengju ekki langan umpóttunartíma til að halda barninu.

Á Indlandi var þessum kröfum mætt með lagabreytingu.

Óléttuiðnaðurinn

Á Indlandi eru samskipti fólks við staðgöngumóðurina varla meiri en milli þess sem kaupir gema og verkamannsins sem framleiðir hann. Fólkið hittist oft bara í eitt skipti í upphafi ferlisins og jafnvel ekki einu sinni þá. Öll umsvif fara í gegnum heilsugæsluna. Staðgöngumóðirin veit jafnvel ekki í hvaða landi barnið sem hún ber undir belti mun alast upp og upplýsingum er ekki alltaf haldið til haga, sem gerir barninu erfiðar fyrir við að leita uppruna síns síðar meir ef svo ber undir.

Amrita Pande frá Háskólanum í Massachusetts hefur rannsakað iðnaðinn í kringum staðgöngumæðrun í Indlandi mest allra. Pande á ættir að rekja til Indlands og dvaldi á heilsugæslu í Gujarat í níu mánuði þar sem hún tók 42 djúpvíðtöl við staðgöngumæður. Hún segir frá konum sem töluðu ekki ensku og skildu ekki smáatriðin í samningunum, sem allir voru á ensku. Þessar konur höfðu jafnvel verið kúgaðar af mönnum sínum til að verða staðgöngumæður og voru fullkomlega réttláusar, án peninga og lögfræðiaðstoðar. Þar sem Indland leyfir aðeins staðgöngumæðrun þar sem egg annarrar konu en staðgöngumóðurinnar er notað þarf hún að þola stífa hormónameðferð til að undirbúa líkamann fyrir utanaðkomandi egg.

Staðgöngumóðirin Gauri segir að enginn hafi varað hana við þessu:

Það eina sem mér var sagt þegar ég kom var að þetta væri ekki siðferðislega rangt, ég þyrfti ekki að sofa hjá neinum og sæðinu yrði sprautað inn í mig. Þau sögðu líka að ég þyrfti að halda fóstrinu alla meðgönguna, taka lyf á tilsettum tíma og láta barnið frá mér við fæðingu. Við fáum lítið að vita um lyfin og sprauturnar sem við fáum. Í upphafi fékk ég tugi sprauta sem var verulega vont, auk þess tók ég lyf til að styrkja mig fyrir meðgönguna. Við [hún og maðurinn hennar] erum ekki jafn menntuð og þið. Ég veit eiginlega ekki mikið meir og ég treysti læknum svo ég spy lítils.

Konurnar búa á íbúðahóтели alla meðgönguna. Samkvæmt samningnum geta kaupendurnir krafist þess að þær fari í lækni skoðun - og í kjölfarið í fóstureyðingu ef það kemur í ljós að viðkomandi gengur með tvíbura. Þetta var nýlega staðfest í indverskum lögum þar sem lækjinn, en ekki konan, fer með ákvörðunarvaldið um fóstureyðingu við staðgöngumæðrun.

Lífi hinna óléttu kvenna er stjórnað algerlega. Í landi þar sem mæðravernd er varla til fyrir fátækar konur er farið með staðgöngumæðrunar eins og væru þær gerðar úr gleri. Arlie Hochschild greinir frá því að konurnar sofa níu saman í einu herbergi, fá ekki að nota stiga og þurfa leyfi heilsugæslunnar til að yfirgefa hótelið.

Meðganga í velgjörðarskyni

Þegar greint er frá aðstæðum staðgöngumæðra sem eru verslunarvara og nánast hnepptar í þrældóm vilja margir meina að í Svíþjóð muni staðgöngumæðrun einungis vera leyfð í velgjörðarskyni og það sé allt annað mál. Engir peningar skipta um hendur heldur geri konur þetta af gæsku sinni. Slík staðgöngumæðrun er miklu manneskjulegri en sú sem er keypt. Konan þekkir viðkomandi þar og fær jafnvel að hitta barnið við og við. Með því að draga upp andstæðurnar sem felast í hinni hamingjusömu staðgöngumæðrun annars vegar og þeirri sem viðgengst á Indlandi hins vegar á fólk að sannfærast um að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni sé frábær lausn. Hættan við að stilla málum svona upp er sú sama og þegar vændi er stillt upp gagnvart mansali, kjarni málsins verður útundan í deilum um mismunandi blæbrigði.

Þess vegna er mikilvægt að ræða hugmyndafræðina sem að mínu mati fjallar einkum um tvennt:

1. Hverjum tilheyrir líkami konunnar? Henni eða öðrum?

2. Er hægt að skrifa undir afsal á börnum? (Þriðji punkturinn, sem ekki er hér til umræðu, er vandi þeirra barnlausu og hvort skynsamara sé að leysa slíkt með samfélagslegum aðgerðum í stað þess að láta markaðinn um lausnina.)

Fyrsta spurningin fjallar um líkama kvenna og yfirráð yfir honum og er náskyld umræðunni um vandi. Algeng rök fyrir vandi eru að það auðveldi fötluðum að stunda kynlíf - sem sagt fötluðum gagnkynhneigðum körlum. Það er litið svo á að kynlíf séu réttindi og konur eigi að tryggja mönnum slík réttindi. Hvort konurnar vilja sofa hjá mönnunum skiptir engu máli - þær eiga að mæta þeirra þörfum. Það er þversögn að fatlaðir karlar eru ekki helstu kaupendur vændis en fatlaðar konur eru hins vegar hlutfallslega margar í vandi. Þessi umræða um fötluðu mennina varpar ljósi á þá hugmynd að konur eigi að mæta kynhvötum annarra, en ekki eigin hvötum.

Sama er uppi á teningnum varðandi staðgöngumæðrun. Hér er hins vegar talað um einhleypa karla sem geta ekki eignast börn og stundum homma sem ekki fá að ættleiða. Þess vegna eiga konur að vera til taks og veita þeim börn án þess að mæta eigin kröfum. Mæðurnar fá ekki forræðið, þær eru ekki uppalendurnir og eru háðar því að mennirnir leyfi þeim að hitta barnið. Þessi rök standast varla því einhleypir karlar eru ekki þeir sem helst nýta staðgöngumæðrun og hommar eru í miklum minnihluta. Flestir sem nýta staðgöngumæðrun eru barnlaus gagnkynhneigð pör. Þá er varla hægt að halda því fram að það sé hlutverk kvenna að lána þeim líkama sinn sem ekki geta átt börn. Yxu börn á trjám væri mögulega hægt að tala um þau mannréttindi að eiga börn. Því er hins vegar ekki að heilsa. Börn eru alin af konum. Við göngum með þau í níu mánuði, við finnum fóstrin vaxa, við eigum það á hættu að fá meðgöngueitrun og aðra kvilla, líkamar okkar og sál breytast í ferlinu - svo ekki sé talað um sjálfa fæðinguna.

„Rétturinn“ til barna er nátengdur „réttinum“ til að nýta líkama kvenna til eigin þarfa. Svo einfalt er það. Slík réttindi mega aldrei festast í sessi því þá erum við að breyta líkama kvenna í verkfæri karla. Með staðgöngumæðrun smættum við konur í geymslurými, kynfæri, námu fyrir aðra til að grafa í og greiða fyrir með smáaurum. Í þessu skyni skiptir engu máli hvaða tilfinningarök eru notuð, eða hvaða fyrirmyndir eru kynntar til sögunnar. Þetta fjallar þegar allt kemur til alls um hvort nýta megi líkama kvenna til að fullnægja þörfum annarra. Eins og konur séu ekki manneskjur heldur náttúruauðlindir.

Önnur spurningin fjallar um barnið sjálf og er að því leyti annars eðlis en vændisumræðan. Hér fjallar þetta ekki bara um kaupendur og seljendur heldur um þriðja aðila, barnið. Þegar meðganga er viðskipti verður barnið að varningi. Nokkur þúsund dalir skipta um hendur þegar móðirin lætur barnið frá sér en jafnvel þótt peningar séu ekki í spilinu er þetta viðhorf til barna óeðlilegt. Það verður í lagi að undirrita samning um eignaskipti á barni. Þess ber að geta að það er óheimilt samkvæmt lögum að gefa börn. (Hér ber að hafa í huga að ekki er um að ræða sæði eða egg heldur lifandi börn.) Ef foreldrar eru ófærir um að ala upp barn þá fer það til fósturfjölskyldu og er stundum ættleitt, en það er óheimilt að afsala sér barni án ástæðu. Ef staðgöngumæðrun er gerð lögleg verður breyting þarna á, það verður gert leyfilegt að gefa barn, jafnvel þótt konan sem elur það sé fullfær um að sjá um barnið. Án þess að barnið hafi nokkuð um það að segja er farið með það eins og eign þótt peningar skipti ekki um hendur.

Það sem veldur mér áhyggjum er hlutgerving manneskjunnar, bæði konunnar og barnsins. Að farið sé með bæði sem nytjahluti fyrir aðra en ekki sem manneskjur með sjálfstæðan rétt.

Hin fullkomna hlutgering

Innan marxismans er þetta kallað hlutgering (reification), þ.e. þegar manneskja lítur ekki á sjálfa sig sem eina heild heldur gengst inn í ákveðið hlutverk sem einstaklingur sem býr yfir einhverri ákveðinni virkni. Samkvæmt ungverska marxistanum Georg Lukács, sem þróaði hugtakið 1928, er hlutgering eitthvað sem gerist í síðkapítalísku samfélagi þegar hinn „frjálsi verkamaður“ verður til á hinum „frjálsa markaði“. Annars vegar er hinn frjálsi einstaklingur en hins vegar hinn „frjálsi verkamaður“ sem á vinnuaflið sitt eins og hverja aðra eign. Hann byrjar að líta á hæfileika sína - styrk, greind og þekkingu - sem virkni sem má selja. Með því að hugsa um sjálfan sig sem hlut sem býr yfir hæfileikum sem eru söluvara, fjarlægist viðkomandi ekki aðeins samfélagið heldur sjálfan sig líka sem manneskju.

Samkvæmt marxískum fræðum hlutgerir vinnan manneskjuna. Það er hins vegar eitt að selja starfskrafta sína og allt annað að selja það sem beinlínis gerir þig að manneskju, líkama þinn og frjóvgunarmöguleika. Þetta verður greinilegt í vændi þar sem manneskjur þurfa að aftengja sjálfar sig til halda það út. Til að lifa af vændi þarf að líta á kynlíf sem virkni sem er aðskilin frá sjálfinu. Koma sér upp tvöföldum persónuleika, taka dóp til að loka á sjálfa sig og líta á líkamann sem hlut og söluvöru.

Hið sama er uppi á teningnum í staðgöngumæðrun. Þar verður konan að hlutgera fóstrið sem hún ber undir belti og er samt hluti af henni sjálfri. Hún verður að aftengjast því tífíningalega því annars veldur það henni þjáningum. Hún verður að aftengja legið sjálfri sér, eða eins og þritug staðgöngumóðir segir frá:

Að vera staðgöngumóðir felur í sér að taka ákveðna afstöðu. Börnin eru ekki þín og hafa aldrei verið. Þú getur ekki gert tilkall til þeirra og ég er meðvituð um hlutverk mitt. Ég er bara barnapía fyrir hina frábæru vinkonu mína T. Þetta er hennar barn og ég bara gæti þess þangað til það fæðist.

Það er sennilega vandfundin betri lýsing á hlutgeringu: móðir sem ber barn undir belti er orðin að barnapíu. Þessari afstöðu er hampað af þeim sem berjast fyrir lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Formaður RFSL (Sambærilegt við samtökin 78) í Svíþjóð, Ulrika Westerlund, vill meina að „staðgöngumæður eiga ekki í nokkrum vandræðum með að láta börnin af hendi“. Að hennar mati er það mælikvarði á velgengni staðgöngumæðrunar. Fyrir mér er það mælikvarði hins gagnstæða. Að koma sér upp aðferðum til að aftengja líkaman frá sjálfinu getur ekki verið heilbriggt. Það að auki gleymir Westerlund að segja frá því að þessi aftenging er ekki eðlileg eða náttúruleg - aftengingin er lærd hegðun. Á Indlandi, til dæmis, er konunum kennt að aftengja sig frá líkamanum, eins og mannfræðingurinn Kalindi Vora segir frá:

Markmiðið er að koma konunum í skilning um að staðgöngumæðrun hefur ekki áhrif á þær sem kynverur og hvetja þær til að mynda fjarlægð frá fóstroinu og loks barninu. Með ráðgjöf og samtalsmeðferð eru þær hvattar til að líta á sig sem birgja og tenging þeirra við fóstrið er einungis að leigja út legið sitt.

Þær eru sem sagt ekki mæður heldur birgjar. Hversu heilbriggt er slíkt viðhorf? Til að þola slíkar aðstæður þarf kona að fjarlægja sjálfa sig frá aðstæðum og hlutgera líkama sinn og það barn sem hún ber undir belti. Annars verður staðan óbærileg. Að leyfa staðgöngumæðrun er að líta á konur sem vélar og geymslur.

Sjálfr hef ég annað viðhorf. Ég tel bæði kynverund og meðgöngu vera persónubundna og að hún eigi að þjóna okkar eigin tilgangi. Kynlíf og meðganga á ekki að vera háð því að einhver annar óski þess, múti okkur til þess eða reyni að sannfæra okkur um að við betum gert heiminn betri með því að fórnar

líkömum okkar. Við eigum að stunda kynlíf af því okkur langar til þess og við eigum að verða óléttar af því okkur langar í barn. Annars skulum við sleppa því.

Er þetta einfalt mál? Nei. Látum við undan þrýstingi? Já, statt og stöðugt. Markmiðið á samt alltaf að vera hið sama, annars getum við jarðað jafnréttisbaráttuna strax. Er það ekki annars grunnurinn að jafnréttisbaráttunni - að konur eigi ekki að vera verkfæri í höndum annarra, hvort sem það eru feður, makar, Vatíkanið, einmana karlar, karlar með völd, valdalausir karlar eða ófrjóar konur? Við eigum að lifa kynlífi þegar við viljum sjálfar og eignast börn þegar við þess óskum. Við erum ekki vélar, við erum ekki náttúruauðlindir. Andstaðan við staðgöngumæðrun snýst einfaldlega um rétt okkar til að vera heilar manneskjur.

Þegar mest á reynir

Alþingi
Erindi nr. P 140/96
komudagur 11.11.2011


Reykjavík 11. nóvember 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 4. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar beiðni um umsögn um ofangreina tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Stjórnin ítrekar fyrri umsögn frá 17. febrúar 2011 en þar segir að það sé mat stjórnar Fíh að staðgöngumæðrun sé fyrst og fremst siðfræðilegt álitamál og tengist fremur lífsviðhorfum einstaklinga en menntun. Stjórnin mun því ekki gefa efnislega umsögn um málið enda hefur umræða um staðgöngumæðrun ekki farið fram meðal hjúkrunarfræðinga innan félagsins. Stjórn Fíh hvetur hins vegar til þess að efnt verði til opinnar umræðu á sem flestum sviðum samfélagsins um þetta mál áður en Alþingi samþykkir umrædda tillögu til þingsályktunar, og að í þeirri umræðu verði sérstaklega tekið tillit til smæðar þjóðarinnar. Þá varar stjórnin við því að Íslendingar gangi lengra í sinni löggjöf en aðrar norðurlandþjóðir.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,


Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður

Frá Guðmundi Pálssyni sérfræðingi í heimilislækningum
Kvisthaga 21
107 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/137
komudagur 14.11.2011

Til Alþingis

Umsögn um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun.
á 140. löggjafarþingi 2011-2012
Varðar þingskjal 4. - 4. mál

Góðan daginn.

Ég hef áður sent umsögn vegna fyrri tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun og það virðist hafa verið tillit til hennar að einhverju leiti.

Ég er ánægður með að þingmenn virðast ætla að haga tillögugerð þannig að staðgöngumæðrun sé einungis ætluð þeim örfáu konum eða pörum (áætlað kringum fimm á ári) sem á þurfa að halda vegna sjúkdóma og að meirihluti þingmanna sé samþykkur því að reyna að girða fyrir að þetta þróist yfir í annað en stefnt var að. Mikilvægustu breytingarnar eru:

- a. **Að hindra að staðgöngumæðrun verði talinn sjálfsagður meðgönguvalkostur allra þeirra sem æskja þess eftir örfá ár.** Ég leiddi líkur að því í fyrri umsög minni að það yrði þróunin ef löggjafinn hugði ekki að sér.
- b. Hitt atriðið sem ég nefndi í umsögn minni og margir hafa tekið undir m.a. allir flutningsmenn tillögunar leggjast gegn staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. **Löggjafinn virðist átta sig á því að það er ekki nóg að tilgreina þetta í lögunum heldur þarf að fylgja því eftir á margvíslegan máta með viðbótarákvæðum.**
- c. Löggjafinn hefur einnig **fallið frá því að breyta skilgreiningunni á móðurhlutverkinu** og það er vel.
- d. Menn virðast **mótfallnir því að greitt sé fyrir staðgöngumæðrun erlendis** og börnin færð hingað heim. Því er ég fyllilega sammála. Það er á grundvelli þessarar breytinga sem ég set mig niður og hugsa málið upp á nýtt en það virðast fjölmörg atriði sem þurfa athugunar við.

Athugasemdir mínar lúta að eftirfarandi:

1. Þegar búið er að leyfa staðgöngumæðrun fyrir ákveðin hóp er ekki ólíklegt að einhverjum þyki á sér brotið ef menn geta ekki sjálfir á eigin spítur gert það sama erlendis og komið með barnið heim. Sú útfærsla staðgöngumæðrunar er sem kunnugt er ekki framkvæmanleg nema fyrir greiðslu. Því hefur bann við staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sérstaka þýðingu. **Ekki er nægilegt að segja slíka starfsemi ólöglega hér á landi heldur þarf að girða fyrir að hægt verði að kaupa þessa þjónustu erlendis og koma með börn hingað til lands. Það er einfaldast gert með þeim hætti að óheimilt verði s.k. lögum að gefa út íslenskt vegabréf fyrir börn sem getin eru með staðgöngumæðrun erlendis.** Þetta lít ég á að sé algjört grundvallaratriði ef Ísland á að verða fyrirmyndarland í þessum málum.
2. Það er hæpið að hægt verði að girða fyrir greiðslu fyrir staðgöngumæðrun ef fólk er ákveðið í að láta af hendi fé fyrir greiðan. **Það gæti myndast hefð fyrir undirborðsgreiðslum og getur löggjafin þá ekkert gert nema það sé tekið fram að það sé óheimilt og greint frá viðurlögum við slíku broti.** Einnig gæti það gerst að menn kærðu sig kollótta um slík viðurlög í formi sekta og legðu á sig að greiða staðgöngumóður fyrir greiðan og sektina að auki. Það er líklegasta niðurstaðan að mínu áliti og því set ég hana fram hér. Slík viðurlög þurfa því að vera afgerandi eins og um barnasölu/kaup sé að ræða.
3. Mín skoðun er sú að til að hindra að þetta þróist sem atvinnuvegur sé óhjákvæmilegt annað en **að tiltaka í lögum að óheimilt sé að greiða fyrir vinnutap staðgöngumóður.**

Við getum séð fyrir okkur hjúkrunarfræðing sem hefur um 700 þús í laun á mánuði með vöktum. Hún myndi þá reikna sér 6,3 milljóna króna viðurgernig á 9 mánaða tímabili fyrir vinnutap og það segir sig sjálft að velgjörð er þá nafnið tómt og skjótt myndi þróast markaður.

Menn myndu leita eftir konum sem hefðu lág laun í sínu fasta starfi til að viðurgerningur yrði lágur.

Mjög mikilvægt er að menn falli ekki í þá gryfju að greiða fyrir vinnutap því það stríðir algjörlega gegn hugmyndinni um velgjörð. Orlof fyrir staðgöngumóður á ekki við því þetta er ekki launað starf heldur velgjörð.

4. Ég vil benda á að fæðingarorlof eru greiðslur af almannafé og því er ekki sanngjarnt og rétt að hafa það tvöfalt þ.e. bæði fyrir staðgöngumóður og fjölskylduna sem fær barnið. **Ég mæli með því að fæðingarorlofið fylgi barninu og sé það samkomulag hvernig það skiptist. Maður gæti séð fyrir sér skiptingu t.d. 1-3 mán til staðgöngumóður (sem tekin eru út á síðustu mánuðum meðgöngu í stað greiðslu fyrir vinnutap) og restin til hinnar nýju fjölskyldu.**

5. **Auglýsingar.** Fyrirsjáanlegt er að skortur verður á staðgöngumæðrum þegar menn hafa áttað sig á þessum möguleika hér innanlands ef jafnframt er girt fyrir að greitt sé fyrir hann erlendis. Þá mun að öllum líkindum skapast ástand sem felur í sér að konur og pör sem sárlega finnst þeim þurfa þessa úrlausn verða ekki sátt og finnst jafnvel á sér brotið. Það eiga ekki allir systur, vinkonur eða aðra velgjörðarmenn sem geta gert þetta. Gera má ráð fyrir að þá skapist þrýstingur að greiða fyrir þjónustuna og auglýsa hana jafnvel með gylliboðum í blöðum, á netinu osfv. Löggjafinn þarf að hafa skíra sýn á þessum vanda sem næstum örugglega mun skapast.

6. **Farsælt væri að greina frá í lögnum eða meðfylgjandi reglugerð hvaða liðir megi falla undir útlagðan kostnað.** Það getur verið nauðsynlegt að vita þegar frá byrjun hvað hann felur í sér svo kostnaður víki ekki út fyrir skynsamleg mörk og nálgist það sem gæti kallast “launuð velgjörð”.

7. Talað er um í frumvarpi að staðgöngumæðrun sé ætlað að koma á móts við konur og pör sem geta ekki eignast börn vegna ágalla svo sem legleysis, krabbameinsmeðferðar eða erfðagalla. Það er vissulega vel hugsað. **Ég spyr mig hvernig löggjafinn ætli að gæta jafnræðis** og mæta fólki af sanngyrni til dæmis þegar kona með sykursýki, gikt, síþreytu eða þrönga grind vill einnig fara fram á sömu þjónustu. Eða aðra króníska sjúkdóma. Hvað með fötluðu konuna (sem annars er hraust) sem langar í barn eða manninn sem er einn og ógiftur? Eða eldri hjónin sem langaði í barn en misstu af lestinni. Verður ekki að sinna þessu fólki einnig? Er ekki hætt við lögsóknum síðar meir á hendur ríkinu og fólk fer að átta sig að lögin mismuna fólki.

8. **Með vísan í lið 7. legg ég til þá einföldu lausn að greina milli sjúkra og heilbrigðra.** Þannig að eingöngu sé heimilt s.k. lögum þessum að koma á móts við það fólk sem líður af sjúkdómum **s.k. sjúkdómaskrá ICD10** (svo viðmið sé alþjóðlega viðurkennt) sem sannanlega hindra meðgöngu, en ekki þá sem teljast heilbrigðir. Þeir sem falla þá utan þessarar skilgreiningar eru frískir karlmenn og konur óháð aldri. Undir þá skilgreiningu falla einnig frískir gagnkynhneigðir og samkynhneigðir einstaklingar. Engir þessara teljast hafa **sjúkdóma**. **Spurningin er: Ef samkynhneigðir karlmenn fá aðgang að þessu úrræði, sem ég býst við að verði baráttumál fyrir einhverja hópa, verður þá ekki að veita öllum frískum karlmönnum það sama óháð því hvort þeir búa**

einir eða með öðrum karlmanni? Það virðist blasa við. Því legg ég til að þessi einföldu landamæri séu virt.

9. **Hvernig má koma í veg fyrir að staðgöngumæðrun verði atvinnuvegur fátækra erlendra kvenna** sem flytjast til landsins til að fá hér réttindi gagngert til að geta gengið með börn fyrir aðrar konur? Þessu þarf að svara. Hægt er að sjá fyrir sér aðstæður þar sem kona frá fjarlægum landi sem hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt á þremur árum fer úr sínu venjubundna starfi og ákveði að ganga með fyrir aðrar konur - nokkrum sinnum. Hún er huganlega meðvituð um velgjörðarákvæðið en þóknun fyrir vinnutap og mögulegar undirborðsgreiðslur tryggja ríkulega þóknun, jafnvel þó svo viðkomandi lendi í því að greiða sekt fyrir að hafa þegið greiðslu. Það sem ég vil benda á er að sekt er engin hindrun. Þegar þessi mynd er dregin upp verður að hafa í huga að gríðarlega sterkur hvati rekur þetta áfram (ekki ólíkt og verslun með fíkniefni) , bæði þeirra sem vilja barnið og hins sem vill peningana.
10. Tillaga sem nefnd er í þingsályktunartexta um **að huganlega megi binda skilyrði við að staðgöngumóðir sé náinn ættingi eða vinkona til að fyrirbyggja misnotkun lagana.** Hún er athyglisverð fyrir það að hún er töluvert "íslensk" og gæti tryggt eðlilegt aðhald án mikilla afskipta ríkis og stofnana. Ég set mig alls ekki á móti henni. Hún gæti tryggt að um raunverulega velgjörð sé að ræða, fyrir utan það mikilvægasta – að tryggja velferð barnsins ef eitthvað fer úrskeiðis t.d. skilnaður eða andlát. Sé þessi leið valin þarf hinsvegar að hafa í huga að margar konur og pör hafa alls ekki aðgang að slíku velgjörðarfólki, jafnvel fæstir. Það getur valdið óánægju og undið upp á sig.
11. Endurskoðurnarákvæði eftir 2-5 ár finnst mér áhugaverð tillaga sem getur róað þá sem óttast að þessi lög verði til tjóns þar meðtalið mig sjálfan. Endurskoðun að auki eftir 10-15 ár er jafnvel enn áhugaverðari því það tekur tíma fyrir ágalla að koma í ljós.

Kristianstad 14. nóvember 2011

(sign)

Guðmundur Pálsson læknir, 191259-2549, sérfræðingur í heimilislækningum

Alþingi
Erindi nr. P 140/198
komudagur 16.11.2011

Reykjavík, 16. nóvember 2011

UMSÖGN um þskj. 4 — 4. mál.

Siðfræðistofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að bregðast við endurskoðaðri þingsályktun um staðgöngumæðrun, en ítrekar jafnframt fyrri afstöðu og telur að afar varlega eigi að fara í að heimila staðgöngumæðrun við núverandi aðstæður. Þess má geta að talsverð umræða er um þessi mál á Norðurlöndunum nú um stundir og hyggst Norræna lífsiðfræðinefndin taka upp málið með formlegum hætti á næsta ári. Mikilvægt er að Íslendingar fylgist náið með þeirri umræðu og íhugi vel að löggjöf um svo flókið siðferðilegt álitaefni þróist í takt við breytingar hjá okkar helstu nágrannaþjóðum.

F.h. Siðfræðistofnunar HÍ

Salvör Nordal,
forstöðumaður

Nesáttarvegur Alþingis

Austurstræti 6-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/472
komudagur 28.11.2011

Akureyri, 28. nóvember 2011
1108100 IE


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þátt. um staðgöngumæðrun, 4. mál, þskj. 4., lþ. 140.

Með tölvubréfi frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 8. nóv. 2011, var óskað eftir umsögn um um nýja tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 4. mál, þskj. 4, lþ. 140. Fram kom í tölvubréfinu að tillagan væri nú endurflutt, lítið breytt, frá fyrra þingi. Vegna anna hefur dregist að senda umsögn um málið og er beðist velvirðingar á því.

Jafnréttisstofa sendi inn nokkuð ítarlega umsögn dags. 16. febrúar 2011 og er sú umsögn ítrekuð. Jafnréttisstofa telur að enn séu tæplega nægar upplýsingar tiltækar til þess að unnt sé að undirbúa nægilega ítarlegt og vandað frumvarp um þetta viðkvæma mál og er því ekki sammála því sem fram kemur í greinarg. með tillögunni hvað upplýsingar varðar. Hvernig á að afmarka hvaða hópur/hópar gætu fengið möguleika á að nýta sér staðgöngumæðurn? Ýmsum spurningum varðandi stöðu barna sem fæðast með þessum hætti er ósvarað og margt fleira sem bent hefur verið á í umsögnum. Hvað með áhættu staðgöngumóðurinnar, ef hún veikist eða hlýtur einhvern skaða vegna meðgöngu/fæðingar? Hvernig á að tryggja að úrræðið, ef leyft er, verði ekki misnotað?

Jafnréttisstofa ítrekar nauðsyn þess að stíga varlega til jarðar varðandi staðgöngumæðrun og að heppilegt geti verið að fylgjast með þróun þessara mála hjá nágrannaþjóðum okkar.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 140/22S
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.11.2011
2011010352/0.1.2/ABA/HK/hþ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun (Þskj.4,4. mál, 140. lggjþ.)

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Embættið ítrekar fyrra álit sitt dagsett 2. mars 2011 sem fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Anna Björg Aradóttir, yfirlýðunarfræðigur
sviðsstjóri Efirlits- og gæðasviðs



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. mars 2011
2011010352/0.1.2/GG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. (Þskj. 376, 310. mál, 139. lggjþ.)

Í janúar 2009 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra vinnuhóp sem var falið það verkefni að „skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitæfni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.“


Vinnuhópurinn telur í áliti sínu frá 7. júní 2010 ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun hér á landi að svo stöddu og hvetur til frekari umræðu um hana. Hópurinn telur einnig að enn sé of mörgum spurningum ósvarað og leggur áherslu á nauðsyn þess að almenn sátt ríki um málið. Í álitinu er bent á að rétt sé að fylgjast með þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum.

Andstætt niðurstöðu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins er lagt til í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að leyfa skuli staðgöngumæðrun við vissar tilgreindar aðstæður. Um er að ræða vandmeðfarið og umdeilt mál sem vekur upp siðferðilegar, læknisfræðilegar og lagalegar spurningar sem snerta þætti eins og réttindi barna, kvenna og foreldra og hugsanlega mansal. Ennfremur getur málið varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til alþjóðareglna og samþykktá á þessu sviði.

Það er því mat landlæknis að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé sá tími of skammur sem starfshópi velferðarráðherra sé ætlaður til þess að undirbúa frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun. Áður en svo veigamikil ákvörðun er tekin er mikilvægt að vanda undirbúning lagasetningar, m.a. með umræðu innan stofnana hins opinbera samhliða nauðsynlegri samfélagslegri umræðu.

Landlæknir tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í áliti vinnuhópsins frá 7. júní 2010, að mikilvægt sé að verja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu við erfiðar efnahagsaðstæður eins og nú ríkjá. Eigi að taka upp nýja þjónustu þurfi að gera það að vandlega athuguðu máli og á þann hátt að hagsmuna allra aðila sem málið varðar sé gætt.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir

Reykjavík, nóvember 2011

**Umsögn frá Landspítala varðandi þingskjal 376-310. mál. 139. löggjafarþing 2010-2011, “Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun”.
Flutningsmaður Ragnheiður Elín Árnadóttir og fleiri.**

Mörg alvarleg siðferðileg álitamál fylgja staðgöngumæðrun. Þau hafa þegar verið reifuð á opinberum vettvangi m.a. af Salvöru Nordal, siðfræðingi og Ástríði Stefánsdóttur, lækni og siðfræðing. Einnig hefur siðfræðiráð Læknafélags Íslands sent frá sér greinargerð um málið. Fram kemur að fjölmörg álitamál eru til staðar og búast má við að staðgöngumæðrun leiði til fleiri vandamála en því er ætlað að leysa.

Þó staðgöngumæðrun sé auðveld úrlausnar á tæknilegum grunni eru siðferðilegu og lagalegu sjónarmiðin flókin. Gæta þarf *hagsmuna konunnar* sem leggur til líkama sinn, einnig *hagsmuna barna hennar* sem hún á fyrir, *maka hennar og fjölskyldu*. *Hagsmunir barnsins* sem fæðist við þessar aðstæður þurfa að vera tryggðir og sérstaklega þarf að hafa í huga að upp geta komið óvænt veikindi eða fötlun barns sem ekki voru séð fyrir en óháð því þarf hagar barnsins að vera tryggður. Loks þarf að hafa í huga *hagsmuni konunnar/parsins* sem á að fá barnið afhent eftir fæðingu.

Velgjörð-hagnaður-mörkin. Staðgöngumæðrun má hugsa sér í velgjörðarskyni þar sem náinn ættingi eða vinkona gengur með barn sem velgjörð eða í hagnaðarskyni þar sem staðgöngumóðirin gengur með barn fyrir aðra konu í ábataskyni. Miðað við þau siðferðilegu gildi sem uppi eru í íslensku þjóðfélagi má telja líklegt að mjög margir telji að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni sé ásættanleg en staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sé ekki réttlætanagerleg. Reynsla annarra þjóða er að staðgöngumæðrun hefur tillhneigingu til að markaðsvæðast, þar sem verð myndast fyrir barn og verð fyrir aðgang að líkama konu. Einnig hafa mörkin sem dregin hafa verið þá tilhneigingu að færast til, þ.e. að það sem áður var talið “eðlilegt í velgjörðarskyni” verður ekki aðeins innan fjölskyldu eða fyrir konu án legs, heldur við aðstæður sem í upphafi voru taldar óhugsandi. Til dæmis ef kona er upptekin vegna vinnu eða vill ekki gangast undir þær líkamlegu breytingar sem fylgja þungun og hún hefur fjárráð til þess að kaupa sér staðgöngumóður. Við þessar aðstæður geta mörkin orðið óljós. Breyting á mörkum er þróun sem hefur gerst á öllum sviðum læknisfræðinnar þegar ný tækni kemur til sögunnar. Þetta á við bæði um líffæragjafir og glasafrjóvganir, þ.e. þegar tæknin er komin og aðgerð tekst vel þá færast æ fleiri yfir í þann hóp sem “þarf” á meðferð/aðgerð að halda þó svo upphaflega hafi úrræðið aðeins verið hugsað fyrir mjög takmarkaðan hóp. Þegar upp er komin sú staða að vel fjáð kona getur keypt sér þessa þjónustu verður mismunum eftir fjárhag.

Sjálfraði staðgöngumóður. Staðgöngumóðirin setur sig ávallt í einhverja hættu við meðgönguna, meðgöngutengdir sjúkdómar koma upp t.d. er meðgöngueitrun algeng og hver meðganga setur mark sitt á konu til lengri eða skemmri tíma. Meðganga er ekki aðeins líkamlegt álag heldur einnig andlegt álag, ekki aðeins fyrir konuna en einnig fyrir nánustu fjölskyldu hennar. Verði staðgöngumæðrun leyfð getur það sett óeðlilegan

Þrýsting á nánustu fjölskyldu, t.d. á systur um að ganga með barn fyrir systur sína. Staðgöngumóðir er undir þrýstingi frá væntanlegum foreldrum sem biðja hana að haga sér í samræmi við þeirra óskir sem setur hömlur á líf hennar.

Aðgangur að þjónustu. Hverjir eiga að fá aðgang að staðgöngumóður? Ef gagnkynhneigð pör fá aðgang má búast við að aðrir þjóðfélagshópar sækji einnig um aðgang t.d. homma og lesbíupör. Ef lagaramminn hér verður mjög opinn má búast við að erlend pör sækji til Íslands í þessa þjónustu með tilheyrandi markaðsvæðinginu.

Horfa má til lagaramma þeirra landa sem leyft hafa staðgöngumæðrun, t.d. Bretlands, sem hafa leyft staðgöngumæðrun með takmörkunum og til Bandaríkja N-Ameríku, en þar gilda mismunandi reglur í einstökum fylkjum. Alvarleg vandamál hafa komið upp í tengslum við staðgöngumæðrun á báðum stöðum. Staðgöngumæðrun er óheimil í öllum löndum Norðurlanda en við berum okkur gjarnan saman við þau lönd og viljum bjóða upp á sambærilega heilbrigðisþjónustu og þar er að finna.

Niðurstaða.

1. Í ljósi hinna margþættu álitamála er varða staðgöngumæðrun er mælt með að staðgöngumæðrun verði áfram óheimil á Íslandi.
2. Efla þarf aðstoð við barnlaust fólk með því að auðvelda ættleiðingar, bæði innanlands og erlendis frá.

Virðingarfyllst,



Hildur Harðardóttir
yfirlæknir Kvenna- & barnasvið LSH
dósent læknadeild HÍ

Alþingi
Erindi nr. P 140/147
komudagur 14.11.2011



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 11.11.2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun (heimild til staðgöngumæðrunar), 4. mál.

Ljósmeðrafélag Íslands (LMFÍ) vísar til erindis frá Velferðarnefnd Alþingis þar sem leitað er eftir umsögn félagsins um ofangreinda tillögu. Stjórn LMFÍ telur að hér sé um að ræða vandmeðfarið og umdeilt mál sem vekur upp siðferðilegar, læknisfræðilegar og lagalegar spurningar. Sé horft til meðgöngunnar þá hefur það tímabil djúpstæð áhrif á konuna/parið sem gengur í gegnum það ferli. Meðganga er ekki einvörðungu tímabil líkamlegra og lífeðlisfræðilegra breytinga heldur aðlögunar og undirbúningstími fyrir fæðingu barns og stofnun fjölskyldu. Vert er að benda á að rannsóknir eru af skornum skammti þar sem áhrif fullrar staðgöngumæðrunar hafa verið skoðuð. Stjórn LMFÍ telur mikilvægt að öll framvinda þessa máls taki mið af bestu þekkingu sem til er á hverjum tíma um efnið. Athygli hefur verið beint að fjölmörgum atriðum af hinum ýmsu umsagnaraðilum en nokkur atriði þarf að skoða frekar;

- Hvernig verður tekið á því ef hlutaðeigandi skiptir um skoðun á miðjum meðgöngutíma?
- Hvernig verður tekið á því ef fósturgalli greinist á meðgöngu? Hver hefur heimild til að taka ákvörðun um áframhald meðgöngunnar/fóstureyðingu?
- Hver ber kostnað af mögulegum skaða/veikindum staðgöngumóður á meðgöngu eða til lengri tíma hafi veikindin tengst meðgöngunni?

Stjórn félagsins hvetur til varðúðar í þessu ferli. Enn er óljóst hve markhópurinn sem vísað er til er stór. Það er álit stjórnar að vanda þurfi mjög undirbúning lagasetningar um þetta viðkvæma mál sem snertir þætti eins og réttindi barna, kvenna og foreldra, og lýsir félagið sig reiðubúið til að koma að þeirri umræðu verði þess óskað.

F.h. stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands,

Guðrún I. Gunnlaugsdóttir
Guðrún I. Gunnlaugsdóttir, varaformaður.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 140/226
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. nóvember 2011.


Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 4. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar á ný tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 4. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 8. nóvember 2011.

Eins og fram kemur í bréfi nefndasviðs er tillagan endurflutt lítið breytt frá síðasta löggjafarþingi.

LÍ sendi ítarlega umsögn um fyrri tillögu, sbr. bréf LÍ dags. 8. febrúar 2011. Félagið hefur engu við þá umsögn að bæta.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson, formaður.

Hjálagt: Bréf LÍ dags. 8. febrúar 2011 ásamt fylgigögnum.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. febrúar 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 310. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 310. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 27. janúar sl.

Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun hér á landi. Í tillögunni eru talin upp nokkur atriði sem áhersla skuli lögð á við fyrirhugaða lagasetningu. Þá gerir tillagan ráð fyrir að frumvarp um staðgöngumæðrun verði lagt fram eins fljótt og mögulegt er, þó eigi síðar en 31. mars nk.

Síðfræðiráð Læknafélags Íslands samdi haustið 2009 álit um staðgöngumæðrun. Í álitinu er ítarlega fjallað um ýmsa þætti staðgöngumæðrunar. Niðurstaða ráðsins er sú að það geti ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði í lög leidd á Íslandi. Álit ráðsins fylgir hjálaga.

Síðustu vikur hefur mikil umræða verið í þjóðfélaginu um staðgöngumæðrun. Umræðan hefur nánast eingöngu tengst máli pars sem leitaði aðstoðar indverskrar staðgöngumóður og baráttu þeirra fyrir því að komast til Íslands með barnið. LÍ telur að meta verði umræðuna í því ljósi. Umræðan endurspeglir því fyrst og fremst samúð með aðstæðum þess pars sem í hlut á. Varhugavert er að túlka umræðuna sem viðtækan stuðning við að staðgöngumæðrun verði lögfest.

LÍ telur þó að ekki verði fram hjá því litið að á síðustu árum hafa verið stigin skref varðandi aðgang að tæknifrjógungun sem þrýsta á að staðgöngumæðrun verði heimiluð hér á landi. Vísar LÍ þar til þess að ákvæði laga um tæknifrjógungun voru rýmkuð til að gera einhleypum konum og samkynhneigðum kvenpörum kleift að eignast börn með tæknifrjógungun. Þegar lög um tæknifrjógungun voru samþykkt árið 1996 var staðgöngumæðrun bönnuð og forsenda við lagasetninguna að tæknifrjógungun væri meðferð eingöngu fyrir pör, karl og konu, sem áttu við ófrjósemissvanda að stríða. Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið hefur verið vikið frá þessum upphaflega tilgangi með setningu laga um tæknifrjógungun. Það er því skiljanlegt að þeir sem þurfa á staðgöngumæðrun að halda telji sanngjarnt og eðlilegt að rýmka löginn enn frekar, í þeirra þágu, eins og þegar hefur verið gert varðandi ýmsa aðra hópa sem upphaflega áttu ekki að falla undir gildissvið laganna.

LÍ telur að þróun mála á þessu sviði síðustu misserin og sú umræða sem verið hefur í samfélaginu síðustu vikurnar kalli á að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem fái það verkefni að skoða staðgöngumæðrun enn frekar en þegar hefur verið gert. LÍ leggur áherslu á að í þeirri vinnu verði stigið varlega til jarðar vegna þeirra fjölmörgu síðfræðilegu, líffræðilegu og læknisfræðilegu álitaefna sem uppi eru varðandi staðgöngumæðrun. Í starfi



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Þessa starfshóps verði höfð hliðsjón af þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessu sviði, m.a. álití Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands.

LÍ telur mikilvægt að læknir eigi sæti í starfshópi sem skipaður verður. Þá telur LÍ langt frá því sjálfgefið að vinnu slíks starfshóps ljúki með samningu lagafrumvarps um staðgöngumæðrun. Meðgöngu og fæðingu fylgir áhætta fyrir móðurina. Sumar þeirra kvenna sem þurfa á staðgöngumæðrun að halda eru í þeim sporum af því að þeirra eigin meðgöngu lauk með þeim hætti að frekari barneignir urðu þeim ómögulegar. Við mat á því hvort staðgöngumæðrun skuli leyfa hér á landi verður því aldrei hjá því komist að horfa til þeirrar áhættu sem staðgöngumóðirin myndi taka varðandi eigin heilsu og eigin möguleika á því að eignast sjálf síðar fleiri börn.

Í umræðu um nauðsyn þess að lögleiða staðgöngumæðrun hér á landi hefur komið fram að barnlaus þör, eða þör sem vilja eignast fleiri börn, leiti staðgöngumæðrunar m.a. vegna þess að bið eftir ættleiðingu sé löng og að ættleiðing sé nánast vonlaus sem úrræði í þessum kringumstæðum. LÍ telur mikilvægt að stjórnvöld leiti allra leiða til að auðvelda aðgang að ættleiðingu þannig að ættleiðing verði raunverulegt úrræði fyrir þá sem vilja með þeim hætti stofna eða stækka fjölskyldu.

LÍ getur þannig ekki stutt tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun eins og hún liggur fyrir en með þessum breytingum sem að framan eru raktar getur LÍ mælt með því að starfshópur verði skipaður til að skoða nánar staðgöngumæðrun.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Birna Jónsdóttir,
formaður

Hjálagt:

Staðgöngumæður. Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands. Hausti 2009.

Staðgöngumæður

Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Haust 2009

Inngangur

Þegar lög um tæknifrjövgun voru í undirbúningi kom til tals að setja inn í þau ákvæði um staðgöngumeðgöngu en nefndin sem samdi frumvarpið taldi að það málefni væri viðameira en svo að hægt væri að setja um það fáeinar greinar í umrædd lög. Í kjölfarið setti þáverandi heilbrigðisráðherra á laggirnar nefnd undir forsæti skrifstofustjóra ráðuneytisins sem gera skyldi umgerð um staðgöngumeðgöngur og það sem af því hlýst, hugsanlega í formi frumvarps. Málefnið kom til umræðu í Siðfræðiráði og í kjölfarið var ákveðið að taka það til sérstakrar umfjöllunar. Núna liggur fyrir álit Siðfræðiráðs og má nýta það ef málefnið kemur til frekari umfjöllunar af hálfu heilbrigðisyfirvalda eða ef um það verður opinber umræða.

Ástríður Stefánsdóttir læknir er í nefnd ráðherra um staðgöngumæður og er hún jafnframt meðlimur í Siðfræðiráði. Vegna þessarar nefndarsetu er hún ekki aðili að þessu álit.

Skilgreiningar

Staðgöngumeðganga: Meðganga þar sem ein kona gengur með barn fyrir aðra konu eða fjölskyldu.

Hefðbundin staðgöngumeðganga. (E: Partial surrogacy): Kona er frjövguð með sæði eiginmanns þeirrar konu sem tekur við barninu sem móðir þess eftir fæðingu eða með gjafasæði

Tæknifrjövguð staðgöngumeðganga. (E: Full surrogacy): Notað er frjövgað egg þar sem frjövgun á sér stað utan legs og síðan sett upp í leg staðgöngumóður.

Staðgöngumóðir: Kona sem tekur að sér, jafnvel gegn greiðslu, að verða frjövguð og síðan ganga með barn sem hún síðan lætur af hendi strax við fæðingu samkvæmt samningi.

Almennt

Þegar horft er á viðfangsefnið "staðgöngumeðganga" og "staðgöngumæður" er gott til skilnings að líta á hlutverk hvers einstaklings fyrir sig. Hlutverkin eru misjafnlega mörg í hverju tilviki fyrir sig en eru aldrei færri en 3, staðgöngumóðirin, móðirin sem fær barnið og svo barnið sjálft. Oftast er einnig til staðar eiginmaður konunnar sem fær barnið og stundum eiginmaður staðgöngumóður. Einnig geta verið önnur börn til staðar sem þetta ferli hefur áhrif á. Hér verður lítið á þessi hlutverk hvert fyrir sig. Samfélagsleg hlið á málefniinu verður einnig lítillega reifuð.

Hlutverkin og áhrif á hvert um sig

Staðgöngumóðirin.

Það er stór ákvörðun að taka að sér að ganga með barn fyrir aðra konu. Þetta er sá einstaklingur sem auðveldast er að sjá að geti farið illa úr þessum "viðskiptum". Hvatinn að því að taka að sér þetta hlutverk getur verið tengsl við konuna sem tekur svo við barninu (fjölskylda, vinátta) eða fjárhagslegur ávinningur og mun það oftast vera tilfellið í Bretlandi, Bandaríkjunum og væntanlega víðar. Þetta er oftast gert með þeim formerkjum að greiða þurfi fyrir útlagðan kostnað sem vissulega er fyrir hendi en oft er greiðslan í reynd hærri. Rannsakendur í Bretlandi hafa lýst því hversu erfitt sé að fá góðar heimildir um þetta atriði (Brazier report 1998). Í Bandaríkjunum er lengri hefð fyrir staðgöngumæðrun og þar eru stofnanir sem gefa út "verðlista" svo sem Center for Surrogate Parenting. Þar mun greiðsla eftir þessum leiðbeiningum vera viðtekin og í úttekt á þessu segir að það hafi leitt til greinilegra félagslegra breytinga. Áður voru staðgöngumóðirin og fjölskyldan sem tekur við barninu af sömu stétt en nú er staðgöngumóðir oftast af lágstétt en þau sem við taka af efri millistétt. ((Ragoné 1994, *Surrogate Motherhood*, p. 194).

Rökstyðja má að það sé siðfræðilega grundvallarmunur á því að ganga með barn fyrir aðra konu sem er í sömu fjölskyldu eða þegar annars konar náin tengsl eru til staðar eða þegar þetta er gert á viðskiptagrundvelli. Um leið og greiðsla er inni í myndinni koma fram sjónarmið sem aldrei koma annars fram. Er staðgöngumóðir að leita að tekjum fyrir fjölskylduna, jafnvel í neyð? Getur verið að sú sem óskar eftir því að gerast staðgöngumóðir leyni upplýsingum sem dragi úr líkum þess að hún fái "samninginn"? Þetta geta verið upplýsingar sem tengjast heilsu hennar eða aðstæðum og aðbúnaði á meðgöngu. Fyrirtæki sem veita milligöngu um þessa þjónustu hafa flest sett sér stífar reglur er varða mat á væntanlegri staðgöngumóður þannig að allt að 95% umsækjanda er hafnað. Þetta hefur ekki komið til af góðu og má nefna dæmi þess efnis. Tilfelli "Baby M" var þekkt í Bandaríkjunum árið 1986 þegar kona sem ól barn fyrir aðra konu neitaði að láta það af hendi (Steinbock B. 1988). Annað dæmi er frá Bretlandi þar sem kona var tvívegis staðgöngumóðir en gat með einhverju móti sannfært tilvonandi "foreldra" um að hún hefði misst föstrin en ól börnin og hélt þeim. Bæði málin fóru fyrir dóm. (The Guardian 2009)

Eðlilegt er að gera þá kröfu til staðgöngumóður að hún hafi áður gengið í gegnum meðgöngu og fæðingu og viti því hvað hún er að takast á hendur. Þá koma einnig upp álitamál er varða þau börn sem hún á fyrir, sjá síðar.

Áhættur þær sem staðgöngumóðir tekur eru margvíslegar:

- Heilsutjón vegna álags af meðgöngu og fæðingu. Preeclampsia er tiltölulega algengt vandamál og marga aðra meðgöngutengda sjúkdóma má nefna.
- Tilfinningalegt álag af því að ganga með barn sem fjölskylda hennar veit að verður látið af hendi
- Andlegt álag af að fæða barn. Fæðingarþunglyndi kemur fram í allt að 14 % tilvika en fæðingarsturlun mun sjaldnar eða í um 2 % tilvika en það ástand krefst innlagnar á geðdeild (Beck, C.T. 2001). Ekki er ljóst hvort það sama á við um staðgöngumæður og þær sem annast barn sitt en rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa a.m.k. ekki sýnt fram á aukna tíðni en hóparnir hafa verið litlir (van den Akker 2007)

- Andleg röskun sem fylgir því að láta barn af hendi við fæðingu. Eitt hvert samband virðist vera á milli aldurs staðgöngumóður og eftirsjár og virðast yngri mæður frekar fyllast eftirsjá síðar.
- Staða konunnar ef viðtökumóðir forfallast af einhverjum ástæðum.
- Síðbúið andlegt álag svo sem ef staðgöngumóðir vill eignast eigið barn síðar en getur það af einhverjum ástæðum ekki. Nánast ekkert rannsakað.

Margt bendir til að rannsóknir á þessu efni séu ekki fullnægjandi og hafa verið gagnrýndar fyrir ýmislegt svo sem að vera takmarkaðar og snúast um mjög valinn hóp. Fáar langtímarannsóknir hafa farið fram og engar þar sem beitt er íhlutun við vandamál. Benda má á samantekt á þessu sviði (van den Akker 2007)

Móðirin sem gengur með barnið

Fljótt á titið er þetta sá einstaklingur sem vinnur á þessum "viðskiptum" en tapar engu. Engu síður þarf að vanda vel til alls undirbúnings, m.a. að fjölskyldan sé metin líkt og á sér stað þegar foreldrar sækjast eftir barni til ættleiðingar. Það er einnig hægt að ímynda sér ýmsar aðstæður sem valda álagi þótt valið sé vandað:

- Verður fóstrið skimað með tilliti til erfðagalla? Hver tekur ákvörðun ef barnið reynist hafa slíka greiningu? Hver ber ábyrgð?
- Barnið nær ekki væntingum verðandi foreldra vegna sjúkdóms, fötlunar eða eiginleika sem móðir/fjölskylda hennar á erfitt með að setta sig við
- Meðábyrgð ef ekki fer vel.

Barnið

Þetta er sá einstaklingur sem minnst tillit er tekið til við þessi "viðskipti". Gengið er út frá því að barnið sé ekki hluti að "samningnum". Eðli máls samkvæmt er barnið orðið nokkurra ára gamalt þegar það fær vitneskju um hvernig því var í komið í heiminn ef það hreinlega stendur ekki til að leyna því. Það er hins vegar réttur hvers einstaklings að vita uppruna sinn ef það er á annað borð á vitorði foreldra en um þetta atriðið er nokkur óvissa lagalega. Samkvæmt barnalögum á barnið rétt á að vita um uppruna sinn en samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun hefur sá réttur verið tekinn af því hvað faðerni varðar. Ef staðgöngumæðrun verður leidd í lög væri hugsanlega einnig tekinn sá réttur af börnum sem staðgöngu móðir gekk með að vita hver hin líffræðilega móðir er.

Feður

Feður hjóta að verða metnir sem hluti af viðtakandi fjölskyldu. Það eru hins vegar ýmis dómsmál sem hafa risið af því að feður hafa talið sig hlunnfarna þegar ákvörðun var tekin um tæknifrjóvgun eiginkonu þótt aðilar sem veittu þjónustuna hafi staðið í góðri trú. Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að það sama eigi við um þessi mál.

Systkini

Hver er staða barna móður sem gengur með barn sem önnur fjölskylda tekur svo við? Í venjulegum fjölskyldum eru börn þátttakendur í meðgöngunni og eru upplýst um hvað er að gerast og hvers er að vænta. Öðru máli gegnir í þessum tilvikum þar sem það liggur fyrir alla meðgönguna að barnið sem móðirin ber undir beltí muni ekki verða hluti af fjölskyldunni. Tilfinningalegt álag samfara þessu hlýtur að verða en þetta atriði virðist lítið hafa verið kannað. Börnin eru ekki aðilar að samningnum.

Siðfræðileg álitamál eru væntanlega ekki eins mikil meðal hugsanlegra eldri barna viðtakanda móður.

Samfélagsleg atriði

Er samfélagið tilbúið til að setja þessa þjónustu á legg?

Er samfélagið þá einnig tilbúið að greiða þann kostnað sem getur hlotist og sem venjulega er borinn af samfélaginu svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp? Eða er samfélagið sáttt við að setja á fót úrræði sem aðeins er á færri þeirra sem vel eru stæðir. Algengur "taxti" í Bandaríkjunum er líðlega 55.000\$ fyrir hefðbundna frjóvgun með efirliti, meðgöngu og fæðingu og um 65.000\$ þegar notað er frjóvgað egg og samsvarar þetta 5-7 milljónum íslenskra króna.

Niðurlag

Staðgöngumæðrun er ekki leyfð á Íslandi samkvæmt núgildandi lögum. Þessi aðferð við fjölgun mannfólksins er heldur ekki leyfð á Norðurlöndunum. Hún er hins vegar leyfð í ýmsum öðrum löndum svo sem í Bretlandi með takmörkunum og í Bandaríkjunum en þar geta reglur verið misjafnar frá einu ríki til annars.

Í þessari samantekt hefur einkum verið litið til þeirra einstaklinga sem mál þetta varðar í fjölskyldunum sem að þessu koma. Eftir að hafa skoðað ýmis gögn um þetta málefni, opinberar úttektir og rannsóknir getur Siðfræðiráð Læknafélags Íslands ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði í lög leidd á Íslandi. Eins og fram hefur komið eru ýmsir sem málið varðar í viðkvæmri stöðu og á það sérstaklega við um staðgöngumóðurina sjálfa en einnig systkini og hugsanlega feður. Þrátt fyrir að þetta fyrirkomulag hafi viðgengist um nokkurt skeið skortir rannsóknir og í síðasta lagi má nefna efnahagslegar forsendur sem skipta máli svo sem fram hefur komið.

Heimildir

Beck, C.T. (2001) Predictors of Postnatal Depression: An Update. *Nursing Research*, 50, 275–285.

Brazier report 1998:

http://www.dh.gov.uk/en/Publicationsandstatistics/Publications/PublicationsLegislation/DH_4009697

Ólfur Bjarnason geðlæknir 2005. www.doktor.is

Ragoné Helena: Surrogate Motherhood: Conception In The Heart. West view Press, 1994

Steinbock, Bonnie (1988). "Surrogate Motherhood as Prenatal Adoption". *Law, Medicine, and Health Care* 16 (1): 44-50.

Van den Akker, Olga B.A. Psychological aspects of surrogate motherhood. *Human Reproduction Update* 2007;13:53-62.



**Umsögn Samtakanna '78, 14. nóv 2011,
140. löggjafarþing 2011–2012, 4. mál,
Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun**

Staðgöngumæðrun er málefni sem snertir félagsmenn Samtakanna '78 á mjög ákveðinn hátt og því fögnum við því að málið sé tekið til umræðu á Alþingi. Stjórn Samtakanna hefur ákveðið að taka ekki opinbera afstöðu varðandi staðgöngumæðrun sem slíka enda hafa margir félagsmenn okkar sterkar skoðanir á málinu, bæði með og á móti. Þannig heyrast raddir innan okkar hóps sem ekki vilja öðlast réttindi (í þessu tilviki réttinn til að eignast börn með aðstoð staðgöngumóður) ef þau réttindi fást á kostnað annarra (staðgöngumóður). Félagar Samtakanna hafa mátt berjast hart fyrir sínum mannréttindum og sú krafa að ekki megi skerða mannréttindi einnar manneskju til þess að færa annari manneskju réttindi stendur okkur nærri. Mjög mikilvægt er að tryggja sem best að úrræðið verði ekki misnotað og fólk notfæri sér ekki neyð kvenna sem ganga með barn fyrir aðra. Gæta skal þess í hvívetna að staðgöngumæður njóti fullra réttinda og stuðnings í ferlinu og að staðganga sé eingöngu leyfð af velgjörð en ekki í hagnaðarskyni.

Með nýlegri löggjöf um tæknifrjóvganir hafa lesbíum opnast flestar leiðir til barneigna, en ættleiðing er eina úrræðið sem stendur hommum til boða. Ættleiðing virkar ekki í raun sem úrræði fyrir þá því þau lönd sem Ísland er með ættleiðingarsamninga við leyfa ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Staðgöngumæðrun myndi því opna dyr fyrir samkynhneigða karlmenn að eignast börn, jafnvel með sínum eigin kynfrumum. Hafa ber þó í huga að hinsegin fólk hefur eignast börn saman, gert samning sín á milli um forræði og þessháttar og þannig beitt eigin ráðum við frjóvgun. Í slíkum tilvikum væri eflaust betra að hafa skýran lagaramma þannig að réttindi allra, og þá helst barnsins, væru tryggð.

Loks er hópur sem virðist alveg gleymast í þessari umræðu og það er transfólk. Sífellt yngra fólk kemur nú út sem transkonur eða -karlar og eðli málsins samkvæmt eru barneignir flókið mál að loknu kynleiðréttingarferli. Þó er það svo að íslenskir lækna hvetja transkonur (konur fæddar í líkama karls) til þess að láta frysta sæði og eiga þegar og ef viðkomandi einhvern tímann fer að huga að barneignum. Það er vel hugsanlegt að bæði transkonur og transkarlar myndu vilja nýta sér þetta úrræði staðgöngumæðrunar og teljum við að þau ættu þá að fá það enda teljist þau hæf til þess að ala upp börn.

Það eru margar góðar og þarfar siðferðilegar spurningar í skýringartexta með þingsályktuninni en þar er ekki mikið minnst á hinsegin fólk. Því vilja Samtökin

'78 hvetja þingheim til þess að halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, gæta jafnræðis ALLRA þegna landsins og ræða málið fordómalaust gagnvart hinsegin fólki. Ef staðgöngumæðrun verður lögleidd á Íslandi til að aðstoða fólk sem ekki getur eignast börn á venjulegan hátt verður að vera skýrt að fólki sé ekki mismunað eftir kynhneigð, kynvitund eða öðrum mismunarbreytum. Lesbíur sem af einhverjum ástæðum geta ekki sjálfar gengið með börn, hommar og transfólk sem augljóslega geta ekki gengið með og fætt börn, verða að njóta sömu réttinda og úrræða og aðrir sem á annað borð teljast hæfir foreldrar.

Fyrir hönd stjórnar Samtakanna '78,
Guðmundur Helgason,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ (40) / 1
komudagur 7.10.2011

Sarah M. Brownsberger
Nönnustíg 3
220 Hafnarfirði
sarahbrownsberger@gmail.com
s.849 8637

6. október 2011

Kæru Ragnheiður E. Árnadóttir og Velferðarnefnd Alþingisins,

Þetta bréf varðar tillöguna um leyfi staðgöngumæðrunar í kærleiksskyni, en ég er búsett hérlendis og hef magistersgráðu frá Harvard í ‚verklegrri‘ guðfræði (siðfræði á opinberum vettvangi).

Til að komast að siðferðilegri niðurstöðu í hvaða máli sem er, þarf að byrja á því að gera fulla grein fyrir mannlegri merkingu fyrirbærisins sem um er að ræða. Til dæmis, afbrotamaður þarf að skilja reynslu fórnarlambins, ekki bara fjarhagslegt tjón, til þess að öðlast fyrirgefningar.

Áhrifamáttur þeirrar reynslu, að fæða, stafar ekki af félagslegri ákvörðun heldur eðli okkar: Á hnettinum er engra vera afkvæmi hátt ‚foreldrum‘ sínum jafn lengi og mannaörn.

Meðgangn býr móðurina sálfræðilega sem líkamlega undir margra ára áreynslu—hvort sem afstaða konunnar til barnseigns sé jákvæð eða ekki, hvort barnið lifi eða deyji, og þótt það sé ætlað öðrum uppaldum. Þessi undirbúningur fer ósjálfrátt af stað í öllum tilfellum, eins og móðurmjólkinn. Því verður að áætla, að kona sem fæðir barn mun vera móðir þess, þótt eggið sem barnið óx úr hafi komið úr annarri konu. Þó skipta erfðir sköpum líka og togstreita er hér eðlileg.

Hugtakið ‚staðgöngumæðrun í kærleiksskyni‘ gerir ráð fyrir því að móðirin sem gengur með barnið, finni til kærleik gagnvart uppaldum barnsins. Staðgöngumæðrun systra, frænka, og vinkvenna hlýtur að vera ein mesta og fallegasta rausn sem mannkynið þekkir, ásamt þeirri ást kvenna og stúlkna sem gefa barn sitt í fóstur barnanna vegna. Hins vegar kemur fram strax í fornsögum að móðurhvötin hefur borið mörgum siðferðilegu ofurefli, t.d. í 1. Mósebók.

Ekki nóg með það, að engin kona getur samþykkt staðgöngumæðrun með viti án þess að hafa upplifað það að fæða barn: hún skilur ekki hvað hún er að samþykkja nema hún hafi áður fædd barn og setið eftir tómhent. Enda gjörólíkar reynslur að eignast barn, og fæða og gefa—*enda stafar upplifunin ekki af ákvörðun*. Sálfræðilegi undirbúningur meðgöngunnar fer einmitt í það, að láta móðurhvötina yfirbuga einstaklingsvilja móðurrinnar: *Líkamsvitinu mun vera alveg sama um hvers vegna barnið er ekki til staðar*. Þannig getur fúsleg gjöf orðið að sárum missi, en vægi reynslunnar getur verið margar vikur, mánuði, jafnvel ár að koma fram.

Því finnst mér að grundvallarspurningarnar sem nefndin verður að velta fyrir séu tvær:

- 1) Lagaleg og siðferðileg spurning um hæfni aðila til að semja um reynslu, sem þau geta hvorki metið né ímyndað—né stjórnað. Er hægt að koma til móts við þessa óvissu?
- 2) Ef svo teljist, hvort samfélaginu sé fært um, og hvort það hafi vilja til, að styðja staðgöngumæður í samræmi við þá einstöku líkamlegu og sálfræðilegu áreynslu, sem þær upplifa til margra ára og mögulega ævilangt.

Gangi ykkur vel með þetta mikilvæga og viðkvæma mál!
Virðingarfyllst,



Frá Þjóðmálanefnd kirkjunnar **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun** **(310.mál)**

Þjóðmálanefnd kirkjunnar leggst gegn því að farið sé fram með þeim hraða sem virðist ríkja varðandi það að undirbúa lög sem leyfa staðgöngumæðrun og leggur nefndin til að málið fái mun meiri umræðu og skoðun áður en lengra er haldið.

„Flestir þekkja þá gleði sem fylgir því að eignast barn og ljóst er að löngunin til þess að eignast barn er ein sú sterkasta sem maðurinn upplifir. Í litlu landi eins og Íslandi er hópur kvenna eða para sem þarf á aðstoð staðgöngumóður að halda ekki stór, en er þó til staðar. Í fyrrnefndri skýrslu vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins segir að líklega muni ekki fleiri en fimm þör eða einstaklingar hér á landi hafa þörf fyrir staðgöngumæðrun ár hvert. Hugsanlega gæti orðið um færri tilvik að ræða.“ (úr þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun)

Í Fyrstu Mósebók er að finna söguna af Söru konu Abrahams sem var óbyrja og Hagar, egypsku ambáttinni en þar stendur að Saraí, kona Abrams, ól honum ekki börn. Hún átti egypsku ambátt sem Hagar hét. „Saraí, kona Abrahams ól honum ekki börn... Þá tók Saraí, kona Abrams, Hagar hina egypsku, ambátt sína og gaf hana Abram manni sínum fyrir konu. Abram lagðist með Hagar og varð hún þunguð....“

Það er saga margra í gegnum aldirnar að þekkja þessa sterku þrál, löngunina eftir að eiga barn, afkomendur en geta ekki átt börn rétt eins og Sara forðum. Það eitt svarar þó ekki siðferðilegum álitamálum samtíma okkar sem varða staðgöngumæðrun. Á tímum þar sem tæknin hefur gert okkur mögulega hluti sem einfalda margt og leysa en flækja annað. Það er okkur ljóst að það var konan sem bar þessa skömm fyrst og fremst því barnleysið hélt henni frá því hlutverki sem var meginhlutverk konunnar – móðurhlutverkið. Börn voru og eru blessun og barnleysi á öldum áður þýddi niðurlægingu. Tekið er undir þau orð að flestir þekkja þá gleði sem fylgir því að eignast barn og löngunin til að eignast barn er ein sú sterkasta sem maðurinn upplifir. Bæði almenningur og þingmenn hafa

fundið til sterkrar samkennda í garð þeirra sem líða á einhvern hátt vegna barnleysis. Það er sannarlega ekkert athugavert við það að upplifa sterka samkennd með öðru fólki og vissulega siðferðilega gott og fagurt markmið að reyna að stuðla að hamingju fólks. En það er langt því frá alltaf augljóst hvað á að gera við slíka tilfinningalega samkennd – hvað þá að sú leið sem boðuð er í umræddri þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun í velgerðarskyni sé hinn eini rétti farvegur slíkrar kenndar. Gagnvart sterkri samkennd þurfum við alltaf að vera allsgáð og yfirveguð því vill nefndin benda á þetta atriði: að samkennd með fólki sem þráir að eignast barn – má ekki afvegaleiða skynsemi okkar, hvað þá víkja siðferðinu til hliðar. Sú þingsályktunartillaga sem nú liggur fyrir um staðgöngumæðrun er ekki nægjanlega yfirveguð, og því ekki siðferðilega réttlæt看leg. Siðferði og skynsemi verða ekki aðskilið. Siðfræðilega er það meginmál hvort þær leiðir sem við veljum til að stuðla að hamingju fólks séu réttlæt看legar, bæði út frá hugsanlegum afleiðingum þeirra – en einnig út frá grundvallar skilningi okkar á manneskjum sem persónum.

„Nokkur siðferðileg álitafni vakna þegar rætt er um möguleikann á lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Almennu eru menn neikvæðir gagnvart staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni út frá því sjónarmiði að verið sé að nota líkama konu í annarlegum tilgangi og einnig væri hægt að líta á slíka gjörð sem einhvers konar form af viðskiptum með börn. Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni hefur verið líkt við vændi og hugsanlegt er að konur sem búa við fátækt og þröngar félagslegar aðstæður gerist staðgöngumæður vegna slæmra aðstæðna. Þessi álitamál eiga þó betur við um samfélög þar sem mikil fátækt er ríkjandi og heilbrigðisþjónusta og samfélagsform er með öðru sniði en í vestrænum löndum, t.d. á Indlandi“. (úr greinargerð með þingsályktunartillögum)

Eitt að því sem hlýtur að vera erfitt fyrir staðgöngumóður að ljúka fæðingarferlinu strax við fæðingu barnsins. Eru það ekki grundvallarmannréttindi að fá að halda barninu sem maður hefur gengið með í fanginu, gefa því að drekka, næra það og vernda, annast það hvað sem líður öllum samningum. Stenst það yfirhöfuð mannréttindahugsun okkar að semja um afnot af líkama sínum. Breytast ekki tilfinningar og vilji þungaðar manneskju frá degi til dags. Verður ekki staðgöngumóðirin að hafa rétt til að sjá sig um hönd? Getum við ekki talað um það sem frumrétt manneskju að

halda því sem hún gengur með? Er það ekki í raun utan viðskiptasviðs? Þetta eru spurningar sem kvikna þegar málefnið staðgöngumæðrun er íhugað og ein stóru spurninganna sem kvikna eru varðandi virðingu og rétt manneskjunnar sem gengur með barnið. Í ljósi þessa þá bendir nefndin á eftirfarandi atriði varðandi mannhelgi/göfgi og að ekki sé staðinn vörður um mannhelgi og manngöfgi staðgöngumóðurinnar og er byggt hér á siðfræði Immanuel Kants sem femínistar hafa löngum leitað til, til að halda fram sjálfræði kvenna og rétti þeirra til að ráða yfir líkama sínum. Þetta sjónarmið er útskýrt með vísan til mannhelgireglunnar. Mannhelgireglan felur í sér þrjár fullyrðingar: sú fyrsta er að hver manneskja hafi gildi í sjálfri sér og því megi ekki koma fram við hana einungis sem tæki heldur ætíð einnig sem markmið. Önnur fullyrðingin segir að allar manneskjur hafi sama gildi og sú þriðja að hver maður hafi einstakt gildi. Í kristinni hefð hefur mannhelgireglan verið orðuð svo að maðurinn sé skapaður í Guðs mynd: hann sé frjáls og skyni borin vera, með sérstakan hæfileika til samfélags við guð og kærleika til annarra. Svipmótið við Guð veiti manninum sérstöðu og sérstaka virðingu. Manneskjur eru persónur og skynsemisverur, hélt Immanuel Kant fram: þær eru, eðli sínu samkvæmt, markmið í sjálfum sér, og því má ekki koma fram við þær af vanvirðingu. Skynsemiseðli manneskjunnar setur öllum geðþótta takmörk og er viðfang virðingar. Persónur eru hlutlæg markmið, segir Kant, þær hafa sína eigin tilvist að markmiði. Þær má aldrei nota eingöngu sem tæki og til gagns fyrir aðra.

Kristinn mannskilningur sem og þessi skilningur Kants er grundvöllur þeirrar skoðunar að staðgöngumæðrun í hvaða mynd sem, í skyni hagnaðar eða velgjörðar, sé mjög umdeilanleg siðferðislega. Siðferðilegur munur sem gerður er á hagnaði og velgjörð eru í besta falli óljós. Það sem lagt er upp með sem velgjörð getur snúist upp í harmleik, sé gert ráð fyrir tilfinningum manneskju sem eru aldrei útreikanlegar fyrirfram, heldur geta breyst, ekki síst á tímabili þegar viðkomandi persóna er þunguð og verður móðir. Í Biblíunni eru þessi orð lögð í munn Drottni Ísraelsmanna þegar hann

undirstrikar ævarandi tengsl sín við þjóð sín: „hvort fær kona nokkru sinni gleymt brjóstbarni sínu, sínu eigin lífsafkvæmi“ Þar er vísað til hinna sterku tilfinningatengsla milli móður og barns sem allt mannkyn þekkir. Að skera á þau tengsl með lögum, útilokar ekki að þær tilfinningar verði til, að sú kona sem gengið hefur með barnið geti ekki hugsað sér að láta það frá sér – Þessi staða getur því valdið miklum tilfinningalegum skaða, hjá öllum aðilum, ekki síst meðgöngumóðurinni.

Þetta atriði segir mér að sú löggjöf, sem hugsanlega á að smíða hér á landi, sé vafasöm, út frá manngildissjónarmiði. Telur nefndin, á grundvelli siðfræði Kants, að aldrei megi búa svo um hnútana í nokkrum mannlegum aðstæðum, ekki síst í viðkvæmum aðstæðum eins kringum meðgöngu og fæðingu, að hægt sé að svipta móður barni sínu, vilji hún ekki gefa það frá sér. Það er alvarlegt að hugsa meðgöngu og fæðingu sem slík verk að það sé hægt að gera um það bindandi, óafturkræfan samning. Þetta þýðir að mati nefndarinnar að það skortir mikið upp á mannvirðingu gagnvart meðgöngumóðurinni í þingsályktunartillögunni um staðgöngumæðrun í velgerðarskyni.

Ef málið er skoðað út frá sjónarhorni mannréttinda er fyrst til að taka að það að eignast barn verður seint talið til mannréttinda í hefðbundum skilningi. Það er stundum talað um fjórar stoðir mannréttinda þ.e. réttinn til að tjá sig, þá trúfrelsi – þ.e. réttinn til að trúá með þeim hætti og því atferli sem maður kys. Í þriðja lagi er talað um frelsi frá skorti og í fjórða lagi frelsi undan ótta en sú stoð kemur þegar við höfum náð hinum þremur. Rétturinn til að eignast barn væri þá undir frelsi frá skorti er svo er ekki heldur er átt við réttinn til þess lífsviðurværis sem gerir einstaklingnum kleift að vaxa og dafna og þroskast og lifa innihaldsríku lífi. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna er byggður á ofangreindum fjórum stoðum og þar með einnig Mannréttindasáttmáli Evrópu og þar er að okkar dómi ekkert sem rennir stoðum undir það að það teljist til eiginlegra mannréttinda að eignast barn.

Sér til gagns mætti lesa fjöldamarga sáttmála t.d. sáttmála um útrýmingu alls kynþáttamistréttis (elimination of all forms of discrimination) og úrtýmingu misréttis gagnvart konum (elimination of all forms of discrimination against women). Allir þessir sáttmála eiga það sameiginlegt að draga fram grundvallaratriði eins og t.d. skýlausan, óafturkræfan, óumsemjanlegan yfirráðarétt einstaklings yfir eigin líkama. Þrælalald er t.d. alveg bannað og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið á því að samningsbundið þrælalald er bannað. Einnig þrælalald í velgjörðarskyni. Frá 1987 er dómur þar sem því er lýst ólöglegu að eintaklingur semji sig í þrælalald þ.e. semji frá sér yfirráð yfir eigin lífi.

Við snögga yfirferð er ekki hægt að sjá að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi skorið úr um það hvort að full staðgöngumæðrun standist mannréttindasáttmála Evrópu. Það er auðvitað mikilvægt því að mannréttindasáttmálinn hefur lagagildi hér á landi.

Eins og sést af þessu þá er að mörgu að hyggja og ekki dugir að setja lög sem dæmd yrðu ólögleg hvort sem væri vegna meginefnisins sjálfs eða því að þau yrðu dæmd ólögleg vegna misréttis (sem gerst hefur með frjóvgunarlög sem þóttu það þröng að þau töldust mismuna sbr. Austurríki). Þegar kemur að beitingu laga réttar þá vakna fordæmi. Hvers vegna telst þetta velgjörð en ekki hitt? Hvers vegna var tiltekin indversk kona talin vinkona en ekki hin? Hvers vegna mátti greiða lögfræðingi A 12 milljónir fyrir vinnutap þegar hún gekk með barn fyrir vinkonu sína o.s.sfrv. Þessar spurningar eru ekki út í hött.

Árið 2009 hefur staðganga verið leyfð í sex ríkjum Bandaríkjanna þ.á. m. Massachussets og fjölmörg mál og nú eru fyrir dómstólum nokkur mál sem fela í sér kröfu um að ríkið greiði staðgönguna og þá á þeirri forsendu að peningakrafur megi ekki ráða aðgengi fólks að lausnum á heilbrigðisviði.

„Réttindi verðandi foreldra þarf einnig að tryggja með samningi milli aðilanna, þ.m.t. að staðgöngumóðir geti ekki hætt við að afhenda barnið við fæðinguna. Á sama hátt þarf að tryggja að foreldrar geti ekki neitað að taka við barni eða börnum, svo sem vegna veikinda, þroska- eða sköpulagsfrávika hjá barninu eða ef um fjölbura er að ræða.“ (úr greinargerð með þingsályktunartillögum)

Réttindi eru ofarlega í huga okkar þegar staðgöngumæðrun er rædd, réttindi til að geta og eignast barn sem geta umhverfst í brot á réttindum móður. Er réttur til að eignast börn sá sami og réttur á hjálp til að eignast börn. Annað sem hægt er að benda er á að barn er ekki réttur – barn hefur rétt. En því er þannig farið að réttindum fylgja skyldur og réttindi eins verða oft skyldur annars og nú erum við þar komin á Íslandi, í hugmyndum um frelsi og hamingju, að konum og körlum í flestöllum stjórnsmálflokkum dettur í hug að taka þann rétt af konum að vera mæður þeirra barna sem þær ganga með og fæða. Svipta á konur, sem í velgerðarskyni vilja hjálpa öðrum konum til að eignast barn, þeim sjálfsagða rétti að vera taldar mæður á meðgöngunni, hvað þá að gefa eigi þeim einhvern umþóttunartíma eftir meðgönguna varðandi það að þeim geti snúist hugur. Sú vélræna sýn á manneskjur sem við sjáum í þessum hugmyndum, byggist ekki á innsæi í mannlegt eðli og tilfinningar kvenna sem mæðra, heldur einhverju allt öðru sem er ekki siðferðilega réttlætanlegt. Meðgöngumóðirin og tilfinningar hennar skipta ekki máli, eftir að hún hefur gert bindandi samning við væntanlega foreldra. Hún er látin afsala sér rétti sínum til að vera móðir á þeirri stund sem hún tekur inn í líkama sinn kynfrumur varðandi foreldra. Hennar hlutverk er að ganga með barn og fæða það, og afhenda það síðan. Ekkert næmi fyrir hinum sérstöku aðstæðum er byggt inn í tillöguna. Þvert á móti er það algerlega fyrirbyggt að konu megi eða geti snúast hugur. Barnið er aldrei hennar – hún er aldrei móðir þess, hún á aldrei neitt tilkall til þess. Hún er fyrst og fremst tæki til ákveðins verks, persóna hennar skiptir ekki máli eftir að samningurinn hefur verið gerður. Af hverju er nauðsynlegt að gera slíkan bindandi samning við meðgöngumóðurina? Texti þingsályktunartillögunar segir að það sé nauðsynlegt til að flækja ekki málið. Þess vegna þurfi að víkja á frá barnalögnum frá 2003 og hætta að líta á líffræðilega móður sem hina eiginlegu móður sbr. :

„Í barnalögum, nr. 76/2003, er tiltekið í 5. gr. að móðir barns sem getið er með tæknifrjóvgun skuli teljast sú kona sem elur barnið. Þetta ákvæði getur ekki staðið samhliða heimild í lögum um tæknifrjóvgun til staðgöngumæðrunar enda þarf að tryggja það að móðir barns sem Þjóðmálanefnd kirkjunnar

getið er með tæknifrjógungun geti líka verið önnur en sú kona sem elur það. Benda má starfshópnum á þann möguleika að fæðingarvottorð barns skilgreini einfaldlega þrjá einstaklinga: staðgöngumóður, móður og föður.“ (úr greinargerð með þingsályktuninni)

Þjóðmálanefnd kirkjunnar leggst alfarið gegn því að slíkt bindandi samkomulag sé gert við staðgöngumóður né að vikið verði frá barnalögum í þessu skyni.

„ Þá skipta hagsmunir og réttindi barnsins sem fæðist á þennan hátt máli. Tryggja þarf barninu rétt til þess að þekkja uppruna sinn og auk þess þarf að vera ljóst hvernig barninu muni reiða af missi það t.d. foreldra sína.“ (úr greinargerð með þingsályktunartillögum)

Við hljótum að spyrja okkur í ljósi þessara orð úr greinargerðinni, hvað þá með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna? Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er eðlilega fyrst og fremst lögð gríðarleg áhersla á hagsmuni barnsins – að það megi alast upp í öryggi og kærleika. Í öðrum Barnasáttmálum virðist hvergi neitt að finna sem hjálpar til í þessum efnum nema þá að tiltekið er að er hvers konar verslun, sala eða kaup á börnum sé bönnuð. Í barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er sala á börnum(og verslun með...) bönnuð og sala á börnum skilgreind í viðauka: „hvers kyns aðgerð eða viðskipti þar sem einstaklingur eða hópur fólks framselur öðrum barn gegn þóknun eða hvers kyns öðru endurgjaldi.”

Réttur er gjarna nefndur í þessum tillögum en rétt má skilgreina sem eitthvað sem einstaklingur eða hópur vill eða óskar og er nægjanlega mikilvægt til að leggja á aðra skyldur til að að framfylgja eða ná þessum réttindum. T.d. almenn grunnréttindi barna til menntunar. Þau réttindi leggja skyldur á foreldrana eða samfélagið í einhverju formi þannig að börnin fái notið menntunar og fyrir þessum rétti eru nægjanleg siðferðileg rök. Við greinum líka á milli grundvallarréttinda og köllum þau jákvæð réttindi, en undir það flokkast hin hefðbundnu velferðarréttindi, lækning og meðferð eða neikvæð réttindi sem varða rétt til frelsis eða gjörða án hindrunar – það er ekki staðið í

veginum eða hindrað að viðkomandi nái að uppfylla óskir sínar. Að barn þekki foreldra sína eru grundvallarréttindi. Að eiga rétt til barneigna eru afleiðd réttindi í besta falli svo framarlega sem ekki er gengið á rétt einhvers annars.

Í ljósi þess sem áður er sagt er það mati nefndarinnar að þingsályktunar tillaga sú sem nú liggur fyrir Alþingi fyrst og fremst sniðin að þörfum þeirra sem taka eiga við barninu eftir fæðingu. Að okkar mati á að setja hagsmuni barnsins framar og móðurinnar sem gengur með barnið. Þannig að ekki verða hættá á að barn verði þrætuepli meðgöngumóður og kynmóður. Það mætti leiða að því rök að t.d. ættleiðing sem hefur verið nefnd sem valkostur við staðgöngumæðrun, sé flóknara og erfiðara ferli samkvæmt lögum. Einnig er ljóst að í því ferli að þar sitja hagsmunir barnsins í fyrirrúmi. Ættleiðing er tilboð til barnsins ef svo má segja en ekki foreldranna. Þarna ríkjá önnur sjónarmið en þegar rætt er um staðgöngumæðrun.

En hvað veldur að það svo erfitt og langt ferli fyrir íslensk pör að ættleiða hér á landi? Hefur verið gerð úttekt á því og niðurstaðan borin saman við þau lönd sem við berum okkur oftast saman við: s.s. Norðurlönd. Er jafn erfitt fyrir barnlaus pör þar að ættleiða og það er hér? Hvers vegna þarf fólk að bíða árum saman eftir barni. Hverjir bera ábyrgð á ættleiðingarferlinu hér á landi – mætti ekki vinna einarðlega að því að breyta þeim málum til hins betra.

Full staðgöngumæðrun breytir afstöðu allra á taflborði mannlífsins. Það er komin upp nýr leikur sem hefur áhrif á taflíð. Það hlýtur að flöggra að konum stundum sú hugsun hvort þær myndu ganga með fyrir kæra systur og einn daginn gæti sú spurning komið upp. Þó að hér færi ekkert úr böndum þá er

alvörumál á ferð sem hnikar til væntingum og vonum, breytir tengslum. Nú eins og svo oft áður býður tæknin upp á nýja möguleika. Eigum við ?
....hvers vegna ekki?

Í heimi vaxandi misskiptingar þar sem óþúttir notfæra sér miskunnarlaust neyð og bjargarleysi ungra kvenna er mikil hættu á misnotkun og hún er alþekkt í heiminum þegar. Það má orða það þannig að staðgöngumæðrun í heiminum hafi þegar dýpkað þær sprungur sem fyrir eru í mannlegu samfélagi. Og svona fljótt á litið gæti það farið þannig að hægt verði að skautað létt fram hjá vel meinandi lögum í þessa veru sem yrðu í samræmi við þessa þingsályktun. Einnig þurfum við hér á Íslandi að hugleiða hvernig við sýnum með systur okkar á Indlandi og víðar í þriðja heiminum samstöðu? Með lögleiðingu staðgöngumæðrunar hér á landi ? Sú leið er siðferðilega varasöm, meðal annars út frá þessum sjónarmiðum sem nefnd hafa verið. Einnig er vert að benda á að þetta er eitt af þeim málum sem á að vinna í samvinnu ríkja líkt og mannréttindasáttmálar eru unnir þegar af þeirri ástæðu að verði staðganga leyfð í einhverjum tilfellum þá má betur varast misnotkun.

Það má líka geta þess að bæði systurþjóðir okkar og systurkirkjur á Norðurlöndum hafa ekki séð ástæðu til þess að leyfa staðgöngumæðrun. Reglugerðir eru ekki alveg samhljóða en afgerandi þegar kemur að staðgöngumæðrun. Raddir kirknanna eru misháværar en þó samhljóma þegar kemur að umræðu um staðgöngumæðrun (sjá stutta umfjöllun í lok umsagnarinnar)

Við erum að feta okkur á hálum stigum. Vitanlega þekkjum við og virðum löngun fólks til að eiga börn, sjá afkomendur. Sú löngun er sterk og varin af því sem okkur finnst réttur til barneigna með öllum mögulegum ráðum.

Þjóðmálanefnd kirkjunnar finnst upplegg flutningsmanna þingsályktunartillögunnar æði bjartsýnislegt. Og staðhæfingar um að þetta mál sé fullrætt eru út í hött. Það má vera að flest augljós rök hafi verið reifuð

en umræðan er rétt að byrja. Það er vissulega fallett ef hægt er að gera öllum að eignast barn en ef í einhverjum málum er nauðsynlegt að taka tillit til allra hluteigandi þá er það í lok lífs og ekki síður við upphaf þess. Því skal vanda til verka og ekki ana að neinu varðandi lagasetningar um staðgöngumæðrun.

Stutt yfirlit yfir stöðu staðgöngumæðrunar á Norðurlöndunum.

Danmörk

Í Danmörku hefur kirkjan enga slíka stjórn sem kirkjuráð eða slíka stjórnarsýslu. Þar hefur nokkurskonar landssiðráð (Etisk ráð) fjallað um og gefið út greinargerð varðandi staðgöngumæðrun kirkjan hefur ekki sameiginlegt ráð, nefnd eða stjórn sem fjallar um slík mál. Etisk ráð er skipað af danska þinginu að hluta til og margir guðfræðingar/prestar sitja í því en það starfar þó óháð.

Samkvæmt dönskum lögum er bannað að framkvæma tæknifrjóvgun ef fyrir liggur samkomulag milli konunnar sem sækist eftir þunguninni og annarar sem óskar eftir að konan fæði fyrir hana barn.

Ráðið leggst gegn staðgöngumæðrun en sérálit eins nefndarmanns má nefna í framhjálaupi. Það álit beinir sjónum okkar að menningarlegum mun sem vert er að veita athygli. Naser Khader fulltrúi í Etisk ráði bendir á í sínu séráliti hversu mikilvægt það er ákveðnum hópi innflytjenda að börn fæðist í hjónabandi ef ekki þá er hjónabandið ekki fullkomnað.

Noregur

Í Noregi er staðgöngumæðrun bönnuð og jafnframt eggjöf en gjafasæði leyft. Þess í stað nýta Norðmenn sér heimsmarkaðinn ef svo má segja.

Í umsögn norska kirkjuráðsins um tillögu faðernisnefndarinnar varðandi foreldrahlutverkið í barnalögunum leggur kirkjuráðið ríka áherslu á að varðaveita hinn hefðbundna skilning á foreldrahlutverkinu og vísar sér til fulltingis í Barnasáttmála Sp. Það er hnykkt á því sem í norskum lögum stendur að konan sem fæðir barn er að lögum móðir barnsins.

Þess má geta að 2010 fæddust tvíburar í Indlandi af innfæddri leigumóður. Samkvæmt norskum lögum er konan sem fæðir barnið móðir þess. Norska konan sem átti frumkvæðið að þunguninn ætlaði sér að ættleiða barnið .
Þjóðmálanefnd kirkjunnar

Norska móðirirn staðhæfði hún hefði lagt til sínar kynfrumur en það reyndist ekki vera satt. Norsk yfirvöld segja að barnið sé indverskt en Indverjar segja barnið vera norskt. Konan er enn í Noregi (Samkv. fréttum frá 22. janúar 2011) og engin lausn í sjónmáli

Er þá eina leiðin að leyfa staðgöngumæðrun þegar við stöndum frammi fyrir slíku ?

Svíþjóð

Í Svíþjóð er staðgöngumæðrun bönnuð

Þess má geta að sænska kirkjuráðið (Kyrkostyrelsen) hefur tekið ákveðna afstöðu gegn staðgöngumæðrun en tekur ekki afstöðu gegn tæknifrjónvgun og styður rétt barns til að þekkja faðerni sitt ef um gjafasæði er að ræða. En fyrst og fremst að barnið eigi foreldra – tvo /tvær/tvö Eiginlega verði sæðisgjafinn að afsala sér tilkalli til föðurhlutverks áður en getnaður á sér stað. Þetta á ekki við þegar um er að ræða tvo karlmenn sem fá staðgöngumóður til að ganga með barn.

Finnland

Í Finnlandi var framan af tómarúm varðandi staðgöngumæðrun í lögum og það því leyft. Í dag er leyfilegt að nota gjafaegg en þó ekki ef ástæða er til að ætla að barnið sem getið er verði gefið til ættleiðingar. Staðgöngumæðrun er því ekki heimil.

F.h. Þjóðmálanefndar kirkjunnar

Sr. Baldur Kristjánsson sóknarprestur

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir verkefnisstjóri